



Félag löggiltra endurskoðenda

Útg. Félag löggiltra endurskoðenda  
Ábm: Dýri Guðmundsson  
Formaður Ritnefndar FLE  
Júlí 2001  
24. árgangur 2. tölublað

**FLE** fréttir

## EFNI BLAÐSINS

Afnám verðbólgu-reikningskila og staða krónunnar .....	1
Af stjórnarborði.....	4
Ákvarðandi bréf RSK - nefföng .....	4
Til hamingju með afmælið!.....	5
Alþjóðlegur skattaréttur - lokaritgerð .....	5
Kaupréttarsamningar á hlutabréfum og önnur hvatakerfi .....	6
Til sölu á skrifstofu FLE.....	7
Frá endurskoðunarnefnd .....	8
Tölvupóstsendingar.....	8
International Accounting Standards 2001 .....	8
Frá menntunarnefnd.....	9
Athyglisverðir úrskurðir yfirkattarnefndar .....	10
Opnunartími skrifstofu FLE .....	14
Endurskoðendur breyta um vinnustað ...	15
Fráteknar dagsetningar.....	15
Golfannáll .....	16
Kapleikjaskrá FLE í golfi árið 2001 .....	19

Málþing Deloitte & Touche

# Afnám verðbólgu-reikningskila og staða krónunnar

Þann 31. maí síðastliðinn hélt Deloitte & Touche í samvinnu við Félag löggiltra endurskoðenda og Félag viðskipta- og hagfræðinga veglegt málþing á Grand Hótel í Reykjavík. Á þinginu voru haldnir alls fimm fyrirlestrar sem fjölluðu um alþjóðlegar reglur og áhrif verðbólgu-reikningskila á afkomu fyrirtækja ásamt nauðsynlegum breytingum á löggjöf þegar verðbólgu-reikningskil verða lögð af. Einnig var fjallað um stöðu íslensku krónunnar sem uppgjörsgjaldmiðils. Í lok þingsins var varpað fram þremur spurningum til gesta sem fjörugar umræður spunnust um, sem leiddar voru af ákveðnum stjórnendum á hverju borði. Alls mættu um 120 manns á málþingið sem tókst með ágætum í alla staði. Hér eru dregnar saman helstu niðurstöður umræðna sem fram fóru á málþinginu.

## 1. Á að leggja verðleiðrétt reikningskil til hliðar og taka upp alþjóðlega reikningskila-staðla, IAS?

Segja má að spurningin sé tvíþætt. Annars vegar hvort leggja eigi verðleiðréttingar af við gerð reikningskila héraendis og hins vegar hvort taka eigi upp alþjóðlega reikningskila-staðla. Svarið er já við hvorutveggja.

Rökstuðningurinn fyrir því að leggja af verðleiðréttingar byggir á einni af grundvallarforsendum reikningskilanna sem segir að þau skuli byggð á stöðugleika þess gjaldmiðils sem



Ágúst Heimir Ólafsson  
endurskoðandi

miðað er við. Almennt hefur verið litið svo á að forsendan um stöðugt verðlag valdi ekki miklum skaða ef verðbólga er lítil. Það ætti því ekki að vera sérstök krafa við gerð reikningskila héraendis að leiðrétta fjárhagsupplýsingar fyrir áhrifum verðbólgu meðan verðbólga er sambærileg hér við það sem gerist í viðskiptalöndunum og innan hins evrópska efnahags-svæðis. Forsendunni um stöðugt verðlag var hafnað með skattalögnum sem tóku gildi í ársbyrjun 1979 en þá ríkti hér óðaverðbólga samkvæmt skilgreiningu alþjóða reikningskila-nefndarinnar, þ.e.a.s. verðbólga var yfir 100% ef litið var til þriggja ára tímabils. Á síðasta áratug tuttugustu aldarinnar var verðbólguhraði héraendis hins vegar langt innan þeirra marka sem alþjóðlegu reglurnar miða við sem skilgreiningu á óðaverðbólgu og raunar innan við 5% allan áratuginn. Grundvallarrökinn fyrir því að hafna forsendunni um stöðugt verðlag hafa



Því ekki verið til staðar á þessu tímabili. Þinggestir töldu einnig að þrátt fyrir aukna verðbólgu á síðustu misserum þá væri heimurinn sem við lifum í ekki sá sami og þegar verðbólgu-reikningsskil voru tekin upp á Íslandi.

Það var samdóma álit þinggesta að rétt væri að taka upp alþjóðlega reikningsskilastaðla sem grundvöll fyrir góðri reikningsskilavenju á Íslandi og því fyrr því betra. Rökin fyrir því að Ísland taki IAS upp sem fyrst eru m.a. reglur ESB um að fyrirtæki sem skráð eru á opinberum fjármagnsmörkuðum taki upp alþjóðlegu staðlana eigi síðar en árið 2005. Það er því frekar spurning um sveigjanleika íslensks efnahagskerfis og stjórnvalda til að nýta það tækifæri sem nú býðst til að taka þessar reglur upp fyrr og gefa þannig viðskiptalífínu skýr skilaboð fyrir framtíðina. Skilaboð um að hér ætli menn að tryggja fyrirtækjum umhverfi sem er hagkvæmt og sveigjanlegt. Umhverfi sem er fyllilega samanburðarhæft við það sem best gerist í þeim löndum sem við erum í samkeppni við um fjármagn og fyrirtæki.

Varðandi upptöku IAS komu fram vangaveltur um framkvæmd þess, t.a.m. hvort nauðsynlegt væri að þýða staðlana, hvort taka ætti þá upp í áföngum o.s.frv. Það má segja að hér liggja tækifæri Íslands. Fagmenn á sviði reikningsskila á Íslandi eru mjög vel kunnugir stöðlunum og hafa leitað til þeirra við úrlausn álitaefna á sviði reikningshalds í allmörg ár. Reikningsskilaráð hefur byggt sínar reglur á alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum í einu og öllu. Við ættum því að vera miklu fljóttari að afgreiða þetta mál fyrir allt íslenska hagkerfið en ESB verður innan aðildarríkja þess. Þetta er því fyrst og fremst spurning um að nýta þau tækifæri sem okkar hagkerfi hefur uppá að bjóða.

Niðurstaða þinggesta var því að leggja ætti af verðbólgu-reikningsskil og taka upp alþjóðlega reikningsskilastaðla svo fljótt sem kostur er.

### a. Hver á að taka ákvörðun um hvort leggja eigi verðleiðrétt reikningsskil til hliðar?

Eðlilegt var talið að reikningsskilaráð og Félag endurskoðenda hefðu yfirumsjón með framkvæmd nauðsynlegra reglu- og staðlasetninga við aðlögun að hinum alþjóðlegu reikningsskilastöðlum.

Að sjálfsgöðu væri eðlilegt að Verðbréfaþingið viðurkenndi reikningsskil sem útbúin eru í samræmi við IAS sem góða reikningsskilavenju og að tryggt verði að fjárhagsupplýsingar fyrirtækja verði samanburðarhæfar. Það væri ekki æskilegt að hvert einstakt fyrirtæki taki sjálfstæða ákvörðun í þessu efni, heldur verði öll fyrirtæki í sama hagkerfi að hlíta sömu reglum að þessu leyti.

Almennt voru menn sammála mikilvægi þess að stjórnendur og fjárfestar láti sín sjónarmið koma fram í umræðunni til að mögulegt verði að taka tillit til þeirra þegar að ákvarðanatöku kemur. Hér er um mjög mikilvæga hópa að ræða sem hljóta að láta sig varða um þær reglur sem gerð reikningsskila grundvallast á.

Mikilvægt er að löggjafinn taki af skarið í þessu máli til að tryggja megi samræmi í reglum við gerð reikningsskila innan hagkerfisins. Eyða þarf ákvæðum um verðleiðréttingar úr lögum um tekjuskatt og eignarskatt, færa þarf lög um ársreikninga til samræmis við alþjóðlegu reikningsskilastaðlana, endurskoða þarf ýmis sérlög s.s. um lífeyrissjóði, sveitarfélög o.s.frv.

### b. Er forsendan um að löggjafinn breyti lögum um tekjuskatt og eignarskatt nauðsynleg til að hægt sé að leggja af verðleiðrétt reikningsskil?

Þörfin á lagabreytingu er ekki nauðsynleg forsenda en engu að síður heppileg sem myndi t.a.m. einfalda skattskil í framhaldinu. Hafa ber í huga að þær þjóðir sem koma til með að byggja sín reikningsskil á IAS, eftir árið 2005, búa í ólíku lagaumhverfi. Það er því ekki rétt að líta á löggjöf um skattamál í sömu andrá og breytingar til samræmingar reikningsskila. Upptaka IAS sem grundvöll góðrar reikningsskilavenju í hagkerfinu þýðir fyrst og fremst upptaka reglna sem öðlast hafa viðurkenningu um víða veröld. Reglna sem eru þekktar og notaðar í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi. Reglna sem sífellt fleiri þjóðlönd taka upp við staðlagerð og í löggjöf er varðar ársreikningagerð. Reglna sem tryggja samkvæmni og auka skiljanleika viðskiptaumhverfisins og fjármagnsmarkaðarins á íslenskum reikningsskilum. Já reglna sem eru þekktar víðar en á Íslandi!

Það kom þó fram að rétt væri að breyta lögum um ársreikninga og þá sérstaklega því heimildarákvæði sem segir til um notkun verðleiðréttra reikningsskila. Nauðsynlegt er að það ákvæði verði skýrar afmarkað, eða afnumið, svo að samanburðarhæfni reikningsskila verði gerleg, en það er jú ein af þeim gæðakröfum sem gera verður til upplýsinga í reikningsskilum til að um gagnlegar upplýsingar sé að ræða.

Verði lögum um tekjuskatt og eignarskatt breytt hvað varðar afnám verðleiðréttinga þá hlýtur samsvarandi breyting að fylgja hvað varðar verðtryggingarákvæði á lánsfé og sparifé.

### c. Er ekki tilgangur skatta-aðferðarinnar fyrst og fremst að draga fram skattstofna? En reikningsskila að veita upplýsingar sem að gagni geta komið við ákvarðanatöku?

### d. Er skatta-aðferðin ekki frábrugðin fráviksaðferð á marga vegu?

Almennt var þessum spurningum svarað jákvætt meðal þinggesta.

## 2. Á að heimila íslenskum fyrirtækjum að leggja fram ársreikninga og árshlutareikninga í erlendum gjaldmiðlum?

### a. USD / GBP / EVRU / Öðrum

### b. Skilyrðislaust eða með skilyrðum (t.d. setja skilyrði um umfang fyrirtækja erlendis)

Menn voru almennt sammála því að heimila ætti íslenskum fyrirtækjum að gera upp í öðrum gjaldmiðlum. Rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja hefur verið að breytast mikið og fyrirséð að það muni breytast gríðarlega í framtíðinni í átt til alþjóðavæðingar. Nokkur ágreiningur var um skilyrði, allt frá engum skilyrðum til nokkuð

þröngra skilyrða. Það þarf því að huga vel að þessum þætti. Klárt að fyrirtæki mega ekki flakka á milli gjaldmiðla eða breyta eftir því hvað hentar best hverju sinni. Samanburður má ekki vera villandi. Ljóst að minni íslensk fyrirtæki sem eru í litlum sem engum erlendum samskiptum munu væntanlega lítinn áhuga hafa á þessu. Málið snýr því fyrst og fremst að stórum fyrirtækjum á íslenskan mælikvarða sem þegar hafa haslað sér völl á erlendri grund og þeim sem í framtíðinni munu sækja inn á erlenda markaði.

### Spurningin og svarið við henni kalla hins vegar á svör við fleiri spurningum s.s.:

- Verður þessi útreikningur breytilegur eftir fyrirtækjum, t.a.m. við meðhöndlun gengismunar?
- Á að einangra leyfið við einn, tvo eða fleiri gjaldmiðla?
- Á að veita fyrirtækjum heimild til tiltekins tíma í einu, tvö ár eða fimm ár?
- Hvernig fer með skráningu á hlutabréfmarkað?
- Á að líta til starfsrækslugjaldmiðils og einangra heimildina við það?
- Hvenær má skilgreina fyrirtæki með annan starfsrækslugjaldmiðil en íslenska krónu?
- eru sjávarútvegsfyrirtæki með íslenska krónu sem starfsrækslugjaldmiðil? Þau starfa alfarið hér á landi, en eru með allar tekjur sínar í erlendri mynt.
- Setja þarf reglur um hvernig reikna skuli skattstofna.

Hóparnir voru sammála um að svarið við spurningunni skyldi vera jákvætt, en þó með þeim mörgu fyrirvörum sem bent er á hér að framan.

Bent skal á að í IAS – stöðlunum er að finna svör við a.m.k. hluta þessara spurninga.

## 3. Er tími íslensku krónunnar liðinn?

### a. Er það verjandi að leggja þann kostnað á íslenskt atvinnulíf að halda uppi eigin gjaldmiðli?

### b. Eiga Íslendingar að sækjast eftir inngöngu í EMU?

### c. Á að taka upp annan gjaldmiðil?

Ef hann er ekki liðinn þá er að minnsta kosti lítill tími eftir. Þetta er hluti af þróun gjaldeyris-mála heimsins að litlir og veikburða gjaldmiðlar hrökkvi upp af og eftir standi tiltölulega fáir gjaldmiðlar, jafnvel ekki fleiri en tveir eða þrír. Íslendingar geti ekki barist gegn þeirri þróun.

Menn voru sammála um að það sé gríðarlegur kostnaður því fylgjandi fyrir atvinnulífið að halda úti séríslenskum gjaldmiðli, íslensku krónunni. Vaxtamunur er allt of mikill. Gengisveiflur undanfarna mánuði eru gríðarlega erfiðar fyrir atvinnulífið. Auk þess er það hamlandi fyrir viðskipti að vera með gjaldmiðil sem hvergi er verslað með utan Íslands.

Hvaða mynt hentar okkur best? Er þetta kannski paníkástand með krónuna núna? Með krónunni höfum við stjórn á sveiflum í efnahagskerfinu áfram. Ef tekin verður upp önnur mynt þá gæti verið óþægilegt að sveiflast með óskyldum og ótengdum gjaldmiðli. Við þurfum því að tryggja rétt okkar til að hlutast til um málefni þess gjaldmiðils sem notaður verður á Íslandi í framtíðinni. Þetta þýðir að ef við tökum upp Evru þá þurfum við að fá sæti við borðið hjá Seðlabanka Evrópu. Innganga í EMU myndi tryggja það ásamt því að ekki yrði gengið á gjaldeyrisfordann og að hagnaður af myntslætti rynni áfram til Íslands.

Þinggestir veltu því fyrir sér hvort hægt væri að ganga í myntbandalag Evrópu án þess að ganga í Evrópusambandið? Mónakó mun væntanlega taka evruna upp samfara inngöngu Frakka í EMU. Það eru því fordæmi sérsamninga hvað þetta atriði varðar ef íslensk stjórnvöld hafa áhuga á.

Niðurstaðan er því að rétt sé að skoða alla kosti í stöðunni í dag. Við þurfum að velja fyrir okkur kostum og göllum af hverjum þeim valkosti sem okkur stendur til boða og velja þann kostinn sem tryggir lífæð íslensks efnahags- og atvinnulífs, fyrirtækjunum í landinu, hagkvæmasta niðurstöðu því þannig tryggjum við íbúum landsins mesta hagsæld í framtíðinni.

Litlu hagkerfi eins og okkar sem byggir á einhæfum undirstöðuáttinnu vegi sem háður er sveiflum í náttúrunni fylgja margar hættur. Gleytum því hins vegar ekki að þessu litla hagkerfi okkar fylgja einnig mörg tækifæri sökum sveigjanleika og möguleika á skjótri ákvarðanatöku í mikilvægum málefnum og aðlögunarhæfni fyrirtækjanna og starfsmanna þeirra. Kosturinn er að við þekkjum hætturnar vel eftir áralanga baráttu við sveiflur náttúrunnar. Kynnum okkur tækifæri samfara auknum alþjóðaviðskiptum og opins alheimsfjármagnsmarkaðar, þau eru til staðar, og nýtum okkur þau án þess að hika.

Í lokin kom uppástunga frá ónefndum athafnsmanni um hvort við ættum ekki bara að láta alla hina taka upp íslensku krónuna og þá væri málið leyst, við myndum stórgræða á „the viking money“ og við svo búið gengu menn glaðir út í sólina að loknu vel heppnuðu málþingi.

### Viðhorfskönnun

Á málþinginu var gerð viðhorfskönnun meðal þingsgеста. Leitað var eftir afstöðu þeirra til tveggja spurninga:

#### 1. Á að leggja verðleiðrétt reikningsskil til hliðar?

#### 2. Á Ísland að sækjast eftir inngöngu í efnahags- og myntbandalag Evrópu (EMU)?

Alls skiluðu 79 málþingsgestir inn atkvæðum sínum og voru niðurstöður þessarar:

Spurning 1: Á að leggja verðleiðrétt reikningsskil til hliðar?

Já sögðu 66, eða 83,6%

Nei sögðu 8, eða 10,1%

Veit ekki sögðu 5, eða 6,3%

Spurning 2: Á Ísland að sækjast eftir inngöngu í efnahags- og myntbandalag Evrópu (EMU)?

Já sögðu 40, eða 50,5%

Nei sögðu 17, 21,5%

Veit ekki sagði 21, eða 26,5% og einn skilaði auðu.

Við hjá Deloitte & Touche þökkum FLE og FVH gott samstarf, jafnframt viljum við þakka þinggestum góða aðsókn og fróðlegar og umfram allt skemmtilegar umræður.



# Af stjórnarborði

## Auknar upplýsingar-kröfur Verðbréfabings

Eins og félagsmönnum er kunnugt, er í vændum breyting á þeim kröfum sem Verðbréfabing gerir til skila skráðra fyrirtækja á árshlutareikningum. Frá og með þriðja ársfjórðungi þessa árs ber fyrirtækjum að skila árshlutareikningum fyrir hvern ársfjórðung með könnunaráritun löggilts endurskoðanda. Eins og verið hefur með hálfársreikninga ber fyrirtækjum að skila ársfjórðungsreikningum sínum innan tveggja mánaða eftir lok viðkomandi ársfjórðungs.

Ég hef nokkrum sinnum heyrt þá kenningu að þessi breyting sé runnin undan rifjum endurskoðanda, sem með þessu hafi aukið atvinnuöryggi sitt og séð til þess að næga vinnu verði að hafa, í það minnsta fjórum sinnum á ári. Ég hef hins vegar enn sem komið er engan félagsmann hitt eða heyrt af, sem fagnað hefur þessari breytingu. Miklu frekar hef ég heyrt þær raddir félagsmanna að þetta verði einungis til að auka vinnuálag sem var óhóflegt fyrir. Þetta muni um leið koma í veg fyrir að vinna endurskoðanda verði með þeim hætti sem ungt fólk kys að hafa varðandi vinnutíma og „líf eftir vinnu“.

Ég hef velt því fyrir mér, hversu aðkallandi þessi breyting er fyrir okkar litla hlutabréfamarkað. Oftar en ekki virðist mér að breytingar á markaðinum ráðist af flestu öðru en birtingu

ársreikninga eða árshlutareikninga fyrirtækjanna. Viðskipti með hlutabréf mjög margra félaga á markaðinum eru afar litil og áhugi kaupenda og seljenda á hlutabréfum virðist mér að byggist ekki nema að litlu leyti á upplýsingum um rekstur þeirra og stöðu sem nú verða lagðar fram ársfjórðungslega með áritun endurskoðanda. Upplýsingaskylda fyrirtækjanna um ýmis önnur atriði sem þau varða er enda rík og ætla verður að ýmislegt sem þar kemur fram svo og ýmsar aðstæður á verðbréfamarkaði ráði ekki síður breytingum á verðmati en ársreikningar og árshlutareikningar áritaðir af endurskoðendum.

Í þessu samhengi kemur mér í huga skemmtilegasta samlíking sem ég hef heyrt um stærð íslenska hlutabréfamarkaðarins. Enda þótt hann hafi vaxið hratt og eitthvað þroskast á undanförunum árum, er staðreyndin sú að umfangið er afarsmátt ef borið er saman við það sem gerist á erlendum verðbréfamörkuðum. Þannig eru t.d. öll viðskipti með hlutabréf á Verðbréfabingi á heilu ári álíka mikil eins og viðskipti með hlutabréf í Microsoft á tveimur klukkustundum á verðbréfamarkaði í New York. Miðað við þessi stærðarhlutföll minni ég á samlíkingu Stefáns Svavarssonar á endurskoðunardegi í apríl síðastliðnum: „Erum við kannski að nota sleggju þegar Mogginn hefði dugað til að drepa fluguna.“



Simon Á. Gunnarsson  
Formaður FLE

## Árshlutareikningar 30. júní 2001

Undirritaður átti nýlega fund með fulltrúum Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja. Tílefni fundarins var áhyggjur þessara aðila af ýmsu ósamræmi sem þeir telja vera í upplýsingagjöf fyrirtækja á verðbréfamarkaði. Var farið yfir ýmis atriði sem að þessu snúa, hlutverk endurskoðanda í þessari upplýsingagjöf og þá þróun sem ætla má að verði í staðlasetningu og ársreikningagerð í framtíðinni.

Eitt var það atriði sem fulltrúar SBV nefndu sérstaklega sem áhyggjuefni. Meðferð afleiðusamninga og upplýsingar um slíka samninga telja þeir vera af mjög skornum skammti í íslenskum reikningsskilum. Sérstaklega bentu þeir á mikilvægi þess að við aðstæður eins og verið hafa á síðustu vikum fyrri helmings þessa árs, sé skilmerkilega greint frá þeim afleiðusamningum sem fyrirtæki hafa gert og stöðu þeirra samninga á uppgjörsgæði.

Því er hér með beint til félagsmanna að gæta sérstaklega að þessu atriði í árshlutareikningum 30. júní 2001 og sjá til þess að í þeim verði farið að reglum um meðferð afleiðusamninga.

## Ákvarðandi bréf RSK - netföng

Eftirfarandi tölvupóstsending barst skrifstofu FLE frá RSK:

„Með skeyti þessu er ykkur send ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra um virðisaukaskatt nr. 963 - 974. Hingað til hafið þið fengið þessi bréf send í venjulegum pósti en frá og með deginum í dag verða þau send með tölvupósti.

Vinsamlegast látið okkur vita ef einhverjar breytingar verða á netföngum eða ef þið þurfið að koma á framfæri öðrum upplýsingum til okkar um útsendingu þessara bréfa til ykkar.“

Bréfin voru send þeim félagsmönnum FLE sem skráð hafa tölvupóstföng sín hjá skrifstofu félagsins. Þeim sem ekki hafa fengið sendingu er bent á að hafa samband við skrifstofu FLE.

## Endurskoðandinn – Hlutverk og ábyrgð

Eins og félagsmönnum er væntanlega í fersku minni kom bæklingurinn „Endurskoðandinn – Hlutverk og ábyrgð“ út í lok apríl. Viðbrögð við útgáfunni eru mjög góð og hafa margir lýst ánægju sinni með þær greinargóðu skýringar sem þar koma fram á því hlutverki sem endurskoðendur gegna í framsetningu ársreikninga og annarra upplýsinga.

Tilgangur útgáfunnar er eins og fram kemur á



baksíðu bæklingins sá að auka skilning á störfum endurskoðenda og ábyrgð þeirra og varpa ljósi á grundvallaratriði endurskoðunar og hlutverk endurskoðenda við gerð ársreikninga.

Bæklingurinn hefur verið prentaður í umtalsverðu magni til ráðstöfunar fyrir félagsmenn. Er það von mín að endurskoðendur verði duglegir við að dreifa honum sem víðast og auka þannig skilning umhverfisins á störfum okkar og minnka um leið það væntingabil sem er á milli okkar og notenda reikningsskila.

## Starfið framundan

Nú er sá tími ársins sem starfsemi FLE er í lágmarki en þó er mikil vinna sem hefur verið unnin að undanförunni við undirbúning þeirra atburða sem félagið stendur fyrir nú í haust. Hæst ber að sjálfsgöðu ráðstefnuna í London sem haldin verður í byrjun október. Hefur dagskrá hennar verið dreift til félagsmanna sem og dagskrá þeirri sem ætluð er mökum. Er undirbúningur allur á lokastigi og vil ég nota tækifærið til að þakka menntunarnefndinni og öðrum þeim sem unnið hafa að þessum undirbúningi fyrir sérlega vel unnin störf. Þátttakan í ráðstefnunni er mjög góð eins og við var að búast og munu tæplega 100 félagsmenn ásamt 80 til 90 mökum taka þátt.

Haustráðstefna FLE og aðalfundur verða haldin dagana 8. og 9. nóvember. Á ráðstefnunni er hugmyndin að fjalla um „Alþjóðaskattlagningu og aflandsstarfsemi“ og hefur menntunarnefndin þegar hafið undirbúning að dagskrá ráðstefnunnar. Gert er ráð fyrir hálf dags ráðstefnu fimmtudaginn 8. nóvember, en félags- og aðalfundur félagsins verður síðan haldinn daginn eftir.

Í ljósi þess að báðar þessar ráðstefnur verða haldnar í upphafi viðkomandi mánaða, hefur stjórn FLE ákveðið að halda einn hádegisverðarfund fyrir mánuðina október og nóvember. Verður hann haldinn miðvikudaginn 24. október. Hádegisverðarfundir haustsins verða því á eftirtöldum dögum:

- Miðvikudaginn 5. september
- Miðvikudaginn 24. október
- Miðvikudaginn 5. desember.

Eru félagsmenn beðnir um að merkja við þessar dagsetningar í dagbókinni.

# Til hamingju með afmælið!

65 ára þann 05.12.2001	Ingi R. Jóhannson	Deloitte & Touche hf.
60 ára þann 06.07.2001	Arnór Eggertsson	Deloitte & Touche hf
60 ára þann 17.08.2001	Valdimar Guðnason	PricewaterhouseCoopers ehf.
60 ára þann 02.09.2001	Hallgrímur Þorsteinsson	Starhólmi 14
60 ára þann 27.10.2001	Ólafur B. Kristinsson	PricewaterhouseCoopers ehf.
60 ára þann 09.12.2001	Sigurður Þórðarson	Ríkisendurskoðun
60 ára þann 25.12.2001	Sigurður Ámundason	þema ehf.
50 ára þann 03.08.2001	Erna Bryndís Halldórsdóttir	KPMG, Reykjavík
50 ára þann 22.08.2001	Jón Þór Hallsson	Endursk. Jóns Þ. Hallssonar
50 ára þann 13.09.2001	Hilmir Hilmisson	Slippfélagið í Reykjavík ehf.
50 ára þann 14.09.2001	Dýri Guðmundsson	Stillur sf.
50 ára þann 05.11.2001	Þorvaldur Kári Þorsteinsson	Ísflex
50 ára þann 17.11.2001	Hjalti Magnússon	DFK Endurskoðun
40 ára þann 30.07.2001	Stefán Hilmar Hilmarsson	KPMG, Reykjavík
40 ára þann 14.12.2001	Hjalti Schiöth	PricewaterhouseCoopers ehf.
40 ára þann 14.12.2001	Þórdís Dröfn Sigurðardóttir	KPMG, Reykjavík
40 ára þann 31.12.2001	Auður Ósk Þórisdóttir	Íslandsbanki, Kirkjusandur
30 ára þann 03.07.2001	Margrét H. Nikulásdóttir	KPMG, Reykjavík
30 ára þann 27.09.2001	Hlynur Sigurðsson	KPMG, Reykjavík
30 ára þann 05.11.2001	Hildur Sigurðardóttir	KPMG, Reykjavík

## Alþjóðlegur skattaréttur – lokaritgerð

*Ef áhugi kynni að vera til kaupa, vildi ég koma á framfæri lokaritgerð minni til embættisprófs í lögfræði sem er á sviði alþjóðlegs skattaréttar. Heiti ritgerðarinnar er: „Hugtakið „föst atvinnustöð“ samkvæmt alþjóðlegum skattarétti.“ Auk þess að fjalla um framangreint hugtak og þá reglu sem því fylgir út frá alþjóðlegum skattaréttarsjónarmiðum fjallar ritgerðin almennt um túlkun tvísköttunarsamninga, takmarkaða skattskyldu hér á landi samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og áhrif Evrópu-réttar á regluna um fasta atvinnustöð.*

*Páll Jóhannesson*

*e-mail: palljo@hotmail.com, gsm: 694-7082*





Málþing KPMG

# Kaupréttarsamningar á hlutabréfum og önnur hvatakerfi

## 1. Inngangur

Fimmtudaginn 29. mars síðastliðinn hélt KPMG málþing á Grand Hótel undir framangreindri yfirskrift í samstarfi við Félag viðskipta- og hagfræðinga og Félag löggiltra endurskoðenda. Efninu var skipt í þrjá þætti sem fluttir voru af mismunandi aðilum og í lokin voru myndaðir umræðuhópar til að fjalla um efnið og til að láta í ljós álit á því. Fyrsti hlutinn var fluttur af fulltrúum frá ráðgjafafyrirtæki KPMG, þeim Hrannari Hólm og Ingva þór Elliðasyni, og fjölluðu þeir um uppbyggingu og almennt gildi hvatakerfa, þar með talið kaupréttarsamninga, auk þess sem vikið var að öðrum hvatakerfum og sýnd dæmi. Í öðrum hlutanum fjallaði Bernhard Bogason lögfræðingur frá skattasviði KPMG um mismuninn á skattalegri meðferð á staðfestum kaupréttarsamningum annars vegar og almennum kaupréttarsamningum hins vegar og gerði grein fyrir lögfræðilegum atriðum sem þessu tengjast. Loks gerðu þeir Alexander Eðvarðsson og Sæmundur Valdimarsson endurskoðendur af endurskoðunar- og uppgjörssviði KPMG grein fyrir reikningskila-reglum sem gilda um kaupréttarsamninga og álitni Reikningskilaráðs um sama efni.

## 2. Hvatakerfi

### 2.1. Þrjú grunnþættir hvatakerfa

Að mati Hrannars og Ingva þurfa öll hvatakerfi sem hafa það markmið að efla hag fyrirtækis og starfsmanna að taka mið af þremur grunnþáttum. Í fyrsta lagi þarf að liggja ljóst fyrir hvað á að mæla og hvað telst vera árangur, en það getur verið mjög mismunandi. Í öðru lagi þarf mælingin að takmarkast við ákveðinn tíma sem einnig getur verið mismunandi, t.d. eftir atvinnugreinum eða stöðu þeirra sem mælingin nær til. Loks þarf í upphafi að ákveða hverjir eigi að tilheyra kerfinu, t.d. yfirstjórn, stjórnendur, lykilmenn, starfsmenn í deildum o.s. frv.

### 2.2. Mismunandi hópar, mismunandi mat

Hrannar og Ingvi töldu nauðsynlegt að mæla árangur yfirstjórna og stjórnenda í samhengi við afkomu hluthafa og tímaraminn ætti þá almennt að vera langur. Kaupréttarsamningar hafa þessi einkenni. Þegar neðar kemur í stjórnunarpyramíðann færast mælingin oftast frá afkomutengingu yfir í markmið fyrirtækisins og jafnframt minnkar þá möguleiki starfsmanna til að hafa áhrif á afkomuna. Einhvers konar blanda af þessu tvennu getur því verið ákjósanleg. Hvatakerfi verða samt að hafa það einkenni að fólk sjái samhengi á milli sinna eigin aðgerða og umbunarinnar. Hvatakerfi sem mæla ánægju viðskiptavinar eða önnur gildi fremur en heildarafkomu hafa yfirleitt skemmri tímaviðmið en afkomutengd kerfi. Gæta þarf þess að viðmið séu raunhæf þannig að niðurstaðan verði ekki öfgakennd.

### 2.3. Kaupréttarkerfi-Virðisstjórnun

Hrannar og Ingvi kynntu tvenns konar hvatakerfi fyrir stjórnendur og lykilstarfsmenn, kaupréttarkerfi og hvatakerfi sem byggir á virðisstjórnun. Dæmi eru um að fyrirtæki setji saman hvatakerfi sem byggir á báðum þessum kerfum. Megin-einkenni á hefðbundnu kaupréttarkerfi er að starfsmaður fær að kaupa hlut í félagi eftir ákveðinn tíma á fyrirfram ákveðnu gengi. Oft eru kaupréttarkerfi bundin einhvers konar visistölu sem þá tekur tillit til ytri aðstæðna þannig að árangur er mældur í samræmi við það eða árangur sambærilegra aðila. Nauðsynlegt er að mati fyrirlesara að festa kaupgengið í upphafi, ákveða gildistímamann og innlausnartímabil og gæta þess að verðlauna ekki fyrir það sem búið er að gera. Virðisstjórnun er aftur hvatakerfi sem sem byggir á að mæld sé stærð sem talin er endurspegla verðmæti hlutabréfa í félagi. Í dæminu sem notað var kynntu þeir félagar hug-



Aðalsteinn Hákonarson  
endurskoðandi

takið „raunhagnað“ en það er hefðbundinn hagnaður eftir að búið er að draga frá honum reiknaða ávöxtunarkröfu á eigið fé. Þessari fjárhæð er síðan skipt út til stjórnenda og starfsmanna eftir ákveðnum leiðum. Greina þarf hvar verið er að skapa verðmæti í fyrirtækinu með því að skipta því í afkomueiningar og stoðeiningar. Afkomueiningarnar eru mælanlegar og stjórnendur þeirra geta haft áhrif á árangur þeirra. Kostnaði stoðeilda er síðan skipt á afkomueiningarnar eftir notkun. Niðurstaða af þessari greiningu er myndrænt forrit, svonefnt virðistré, sem tekur til allra þátta rekstrarins og sýnir áhrif þess á raunhagnaðinn ef breyting verður á einstökum þáttum, t.d. ef tekst að lækka viðskiptakröfur, auka veltuhraða birgða o.fl.

## 3. Skatta- og lögfræðileg atriði tengd kaupréttarsamningum

### 3.1. Skattaleg meðferð kaupréttar, almenna reglan

Í máli Bernhards Bogasonar kom fram að mikil óvissa hefði ríkt allt þar til á síðasta ári um hvernig ætti að skattaleggja tekjur af kaupréttarsamningum en þeirri óvissu hefði verið eytt með lögum nr. 86/2000. Meginregla þeirra laga er að mismunur markaðsverðs og kaup-

verðs skattleggst sem launatekjur hjá starfsmanni þegar hann nýtir kauprétt sinn. Markaðsverðið telst þá stofnverð í hendi hans við útreikning á söluhagnaði síðar. Hjá fyrirtækinu telst þessi mismunur til launakostnaðar og greiða þarf af honum tryggingagjald en ekki þarf að halda eftir staðgreiðslu. Óljóst er hvort greiða beri orlof og lífeyrissjóðsframlög af kaupréttartekjum við kaup. Selji starfsmaður bréfin síðar með hagnaði skattleggst hann sem fjármagnstekjur. Hlutabréf sem keypt eru með kauprétti geta nýst til skattafrádráttar að uppfylltum hefðbundnum skilyrðum.

### 3.2. Staðfestur kaupréttur – sérregla í skattalögum

Sérreglan kveður á um að skattleggja megi tekjur af kaupréttarsamningi hjá starfsmanni sem fjármagnstekjur að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Mismunur á markaðsverði og kaupverði við kaup er þá ekki skattlagður, heldur fer skattlagningin fram þegar starfsmaðurinn selur bréfin og skattleggst þá söluhagnaðurinn sem fjármagnstekjur. Engin skattaleg gjaldfærsla verður hjá fyrirtækinu í þessu sambandi og þessi bréf má ekki nýta til skattafrádráttar í tengslum við fjárfestingu í atvinnurekstri samkvæmt 30. gr. skattalaga. Sérreglan er almennt hagstæðari en almenna reglan fyrir starfsmanninn en að sama skapi óhagstæðari fyrir fyrirtækið.

## 4. Reikningsskilareglur

### 4.1. Kaupréttarsamningar í reikningsskilum

Alexander Eðvarðsson og Sæmundur Valdimarsson löggiltir endurskoðendur fjölluðum um þennan lið málþingsins. Fyrst var rætt um þann kostnað sem fylgir kaupréttarsamningum og sýnd nokkur dæmi úr rekstri þekktra erlendra fyrirtækja um hvernig afkoma þeirra hefði breyst ef kostnaðurinn hefði verið færður yfir rekstrarreikning, en það var hvergi gert í reynd. Í ljós kom við skoðun að alþjóðlegar reglur um færslu á kaupréttarsamningum eru ekki til af því að ekki hefur tekist að ná samstöðu um þær. Hins vegar eru til alþjóðlegar reglur sem kveða á um að veita skuli tiltekna upplýsingar um kaupréttarsamninga í reikningsskilum.

Bandarískar reglur eru þær ítarlegustu sem til eru en þær kveða í stórum dráttum á um að ef kaupréttargengi er lægra en markaðsverð þegar samningur er gerður skuli gjaldfæra mismuninn, annars ekki. Engu að síður er valkvætt hvort þær reglur eru notaðar eða ekki. Engar reglur eru til um þetta á Íslandi en í ársreikningalögum er þó að finna ákvæði um að upplýsa skuli um fjárskuldbindingar utan efnahagsreiknings og um laun, þóknarir og ágóðahluta til stjórnenda í reikningsskilum félaga.

### 4.2. Á að reikningsfæra skuldbindingar vegna kaupréttarsamninga og þá hvernig og hvenær?

Tvenns konar sjónarmið eru uppi um það hvort færa eigi skuldbindingar í reikningsskil. Andstæðingar reikningsfærslunnar halda því fram að skuldbindingunum fylgi enginn kostnaður en þeir sem eru henni fylgjandi halda öðru fram vegna þeirrar útþynningar sem verður á eignarhlutum hluthafanna. Þrír möguleikar eru taldir koma til greina við að mæla kostnað við kaupréttarsamninga. Fyrst er að telja kostnaðarverðsaðferðina, þ.e. kaupréttarverðið þegar samningur er gerður. Annar möguleiki er að styðjast við innra virði hlutafjárins. Hvorug þessara leiða þykir nægjanlega góð. Þriðji möguleikinn er að nota markaðsverðið og er það sú leið sem virðist talin hvað best í dag. Menn hafa einnig velt því fyrir sér hvenær eigi að færa kaupréttarsamninga í reikningsskil; þegar samningur er gerður eða þegar ákveðið er að nýta kaupréttinn. Flestir virðast sammála því að færa samninginn þegar hann er gerður og gjaldfæra á því tímabili þegar til hans er unnið. Þannig verði eðlilegust gjaldfærsla á þeim launakostnaði sem í samningnum kann að felast, jafnvel þótt kauprétturinn verði aldrei nýttur. Við þær aðstæður verður að leiðrétta það sem áður hefur verið fært.

### 4.3. Hvað segir Reikningsskilaráð ?

Reikningsskilaráð taldi ekki tímabært að gefa álit á færslu kaupréttarsamninga í ársreikninga enda væru reglur ráðsins í flestum atriðum byggðar á stöðlum Alþjóðlegu reikningsskila-

nefndarinnar sem ekki hefði gefið út staðal um hvernig fara eigi með launakjör sem felist í samningum af þessu tagi. Reikningsskilaráð telur þó að vel komi til greina að færa kaupréttarsamninga sem fela í sér launakjör, í rekstrar- og efnahagsreikning, enda sé óeðlilegt að færa launakostnað afturvirk.

## 5. Umræðuhópar

Fram kom í niðurstöðum umræðuhópa að virðistréð væri áhugavert hjálpartæki til að búa til hvatakerfi en ekki hefði samt gefist tími til að skoða það nægjanlega á málþinginu. Flestir voru sammála um að árangurstenging launa á einn eða annan hátt væri æskileg. Hvað skattamálin áhrærir virtist sú skoðun almenn að ekki eigi að skattleggja tekjur af kaupréttarsamningi sem launatekjur, heldur sem fjármagnstekjur við sölu bréfanna þegar um söluhagnað er að ræða. Þá var talið að óvissa um launatengd gjöld af þeim tekjum væri óviðunandi og henni þyrfti að eyða. Meirihluti fundarmanna taldi einnig að æskilegt væri að gjaldfæra allan kostnað af kaupréttarsamningum í ársreikningum félaga eða að kostnaðurinn og útþynningaráhrif á eignarhlutina komi fram á skýran hátt því að hluthafar gerðu sér almennt ekki grein fyrir áhrifunum. Ýmislegt annað kom fram í umræðum þeirra sem sóttu málþingið en ekki þykir ástæða gera því öllu skil þessari samantekt.

## Til sölu á skrifstofu FLE

Handbók endurskoðenda. Útg. af FLE, 1996. Verð kr. 2.280,-  
Íðorðaskrá endurskoðenda. Útg. af orðanefnd FLE 1996. Verð kr. 2.280,-  
IASC International Accounting Standards 2001. Verð kr. 11.193,-  
IFAC Handbook 2000, Technical Pronouncements, Ethics and International Standards on auditing. Verð kr. 11.193,-  
Applying International Accounting Standards. Höf. David Cairns. Verð kr. 11.193,-



# Frá endurskoðunarnefnd

## Endurskoðandinn - hlutverk og ábyrgð

Það var í formannstíð Guðmundar Hjaltasonar sem endurskoðunarnefndin ákvað að gera hlé á hefðbundinni þýðinga endurskoðunarstaðla og snúa sér að léttari verkefnum. Ákveðið var að taka saman bækling um störf, hlutverk, ábyrgð og skyldur endurskoðandans. Að hluta til var þetta gert í anda þeirrar stefnu stjórnar FLE að brýnt væri að bæta ímynd endurskoðandans í huga almennings og þó einkum þeirra sem nota faglega þjónustu hans og þurfa við ákvarðanir sínar að byggja á störfum hans og álit.

Félagið hafði fyrir allmörgum árum gefið út kynningarbækling um svipað efni en sá bæklingur var löngu uppurinn. Verkefnið hófst með því að skoða bæklinga frá systurfélögum okkar í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Dansk bæklingurinn var valinn sem fyrirmynd. Í fyrstu var stefnt að því að ljúka við gerð bæklingins á tiltölulega skömmum tíma en verkefnið reyndist til muna tímafrekara en gert var ráð fyrir og er ég þá ekki að tala um að nefndarmenn hafi verið að slugska eða grafið sig ofan í holu eins og nýjasta orðtakið segir. Guðmundur lét af formennsku og bæklingurinn var enn í smíðum. Guðríður Kristófersdóttir tók við verkefni og náði nokkurn veginn að ljúka því en þurfti þó að skila því í hendur núverandi formanns endurskoðunarnefndar FLE, Lárusar

Finnbogasonar. Hann fékk það ánægjulega verkefni að fylgja bæklingnum úr hlaði á endurskoðunardegri FLE í apríl síðastliðnum.

Á baksíðu bæklingins er tilgangi hans lýst þannig. „Tilgangur með útgáfu þessa bæklingins er að auka skilning á störfum endurskoðanda og ábyrgð þeirra og varpa ljósi á grundvallaratriði endurskoðunar og hlutverk endurskoðanda við gerð ársreiknings.“ Nefndarmenn reyndu að haga orðavali á þann hátt að textinn yrði ekki allt of þungur en væri læsilegur fyrir þá sem áhuga hafa á efni og eru með nokkra þekkingu á reikningsskilum og störfum endurskoðanda. Bæklingnum er ekki ætlað að vera kennslubók fyrir byrjendur í endurskoðun eða reikningsskilum.

Með bæklingnum er þannig reynt að svara spurningunni um það hvað endurskoðun er og í hverju hún felist. Fjallað er um þær faglegu kröfur sem gerðar eru til endurskoðandans og hvernig hann öðlast þau réttindi sem þarf til að geta kallast endurskoðandi og hvernig hann við-

heldur hinni faglegu þekkingu sinni með símenntun. Þá er fjallað um ársreikninginn og hamrað á því að stjórnendur bera ábyrgð á ársreikningnum og gerð hans. Fjallað er um hver sé ábyrgð endurskoðandans á ársreikningnum, að hún takmarkist við álit hans og síðan hvaða þýðingu áritun hans á ársreikninginn hafi og gildi hennar.

Bæklingur þessi hefur vissulega verið lengi í smíðum og má ef til vill segja að gamla orðtakið gildi að vanda skal það sem lengi á að standa. Að sjálfsgöðu sker framtíðin úr um það hvort orðtakið eigi við um þennan bækling. Svo mikið er víst að fyrsta prentun er uppurin og ef til vill er það vísbending um að það hafi verið þörf á slíkum bæklingi. Félagsmenn eru hvattir til að kynna viðskiptavinum sínum efni hans og afhenda þeim þann eintakafjölda sem þeir þurfa. Bæklingurinn verður prentaður á ný og geta félagsmenn þá haldið áfram að kynna hann.

Endurskoðunarnefnd  
Sveinn Arason

## International Accounting Standards 2001

Nú er komin ný og endurbætt útgáfa af International Accounting Standards 2001.

Bókin telur 1528 síður.

Meðal efnis er:

- Introduction;
- IASC Constitution
- Preface to Statements of International Accounting Standards;
- Framework for the Preparation and Presentation of Financial Statements;
- International Accounting Standards; (IAS 1 – IAS 41)
- Standing Interpretations Committee (SIC) –

Interpretations of International Accounting Standards;

- Glossary of Terms;
- History of International Accounting Standards;
- Index.

Staðlarnir eru til sölu á skrifstofu FLE. Verð kr. 11,193,- m/vsk.

Þeir sem hafa áhuga á að fá þessa nýjustu útgáfu er vinsamlegast beðnir að nálgast eintakið hér.

Skrifstofa FLE

## Tölvupóstsendingar

Talsvert er um að tölvupóstur sé sendur skrifstofu FLE með ósk um að hann verði sendur áfram til félagsmanna. Það er afar brýnt að félagsmenn tilkynni skrifstofu félagsins allar breytingar sem verða á heimilisföngum, síma og tölvupóstfangi.





Myndir frá Endurskoðendadegi FLE, 27. apríl 2001. Mynd t.v.: Helga Harðardóttir ráðstefnustjóri. Mynd t.h.: Margret G. Flóvenz, Arnbjörg Edda Guðbjörnsdóttir, Gerður Guðjónsdóttir, Ómar H. Björnsson og Ragnheiður Pétursdóttir.

## Frá menntunarnefnd

Hér á eftir fer yfirlit yfir störf og viðburði á vegum menntunarnefndar það sem af er þessu ári og það sem á döfinni er fram til áramóta.

### Skattadagur

Hinn árlegi skattadagur félagsins var að þessu sinni haldinn í Salnum í Kópavogi þann 19. janúar. Ítarlega var greint frá þeim degi í síðasta tölublaði FLE-frétta.

### Endurskoðendadagur

Ráðstefnan var haldin í Salnum í Kópavogi, 27. apríl undir stjórn Helgu Harðardóttur endurskoðanda. Á dagskrá var meðal annars efni frá reikningsskilanefnd og endurskoðunarnefnd félagsins. Fyrir hönd reikningsskilanefndar flutti Sæmundur Valdimarsson endurskoðandi hugleiðingar um reikningsskilamál kaupréttarsamninga, málefni sem fjallað var um frá skattalegu sjónarhorni á skattadegi félagsins. Frá endurskoðunarnefnd komu tvö erindi, annars vegar flutti Hildur Árnadóttir endurskoðandi kynningu á nýjum staðli IAPC

um endurskoðun afleiðusamninga og hins vegar kynnti Lárus Finnbogason endurskoðandi hugmyndir endurskoðunarnefndar um áritanir á reikningsskil lítilla fyrirtækja.

Stefán Svavarsson endurskoðandi flutti erindi um ábyrgð og áhættu endurskoðanda og Árni Tómasson endurskoðandi endaði ráðstefnuna með því að rekja niðurstöður vinnuhóps á vegum FLE sem fjallaði um kosti þess og galla að falla frá verðleiðréttingum á íslensk reikningsskil. Alls mættu 150 manns.

### Haustið

Menntunarnefnd hefur haft í nógu að snúast við skipulagningu haustráðstefnu félagsins. En eins og flestum er kunnugt verður hún haldin í London dagana 4. – 5. október næstkomandi. Um 100 endurskoðendur hafa staðfest þátttöku sína í ráðstefnunni og hefur dagskrá hennar verið send út. Samhliða mun í boði verða forvitnileg makadagskrá báða daga ráðstefnunnar. Laugardagskvöldið 6. október verður síðan sameiginlegur kvöldverður.

Fimmtudaginn 8. nóvember næstkomandi verður haldin opin ráðstefna í Salnum í Kópavogi. Þema ráðstefnunnar verður alþjóðskattlagning og aflandsstarfssemi. Nánari dagskrá verður send út síðar.

### Endurmenntunareiningar

Í lok janúar s.l. áttu endurskoðendur öðru sinni að skila yfirliti til félagsins, á þar til gerðum eyðublöðum, yfir endurmenntunareiningar sínar fyrir árið 2000. Skil voru nokkuð góð, en þó eiga nokkrir starfandi endurskoðendur eftir að skila yfirlitum sínum. Flestir virðast hafa náð þeim 30 einingum sem tilskyldar eru að meðaltali á ári og margir eru með einingaskil langt umfram það.

Menntunarnefnd vonast til að eiga gott samstarf við félagsmenn á komandi hausti sem hingað til og áframhaldandi góðrar þátttöku í væntanlegum viðburðum.

Menntunarnefnd FLE



# Athyglisverðir úrskurðir yfirkattanefndar

Frá 1140/2000 til 222/2001 / Steinþór Haraldsson tók saman

## 1140/2000 Sérstakur tekjuskattur, 2. mgr. 70. gr., gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra, álag skv. 121. gr., útsvar

Kærendur fluttu af landi brott 31. janúar 1998. Skattstjóri hagaði álagningu samkvæmt 2. mgr. 70. gr. og miðaði við 31 dags dvöl á Íslandi á árinu 1998. Kærð var álagning sérstaks tekjuskatts en skattstjóri hafði við ákvörðun skattstofn sérstaks tekjuskatts lagt til grundvallar uppreiknaðan tekjuskattsstofn sbr. 2. mgr. 70. gr. Yfirkattanefnd felldi hinn sérstaka tekjuskatt niður á þeirri forsendu að sú tilhögun að uppreikna tekjuskattsstofn samræmdest ekki skattfræmð svo sem hátaði í máli þessu. Þá var kærð álagning gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra þar sem kærendur hefðu ekki verið búsettir á landinu. Yfirkattanefnd hafnaði þessu og taldi að skýra bæri ákvæði 1. mgr. 1. tölul. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 82/1989 svo, að í þeim tilvikum eins og hátaði í máli þessu, að maður ber ótakmarkaða skattskyldu hér á landi hluta úr ári skal ákvarða honum gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra enda tekjur hans á dvalartíma umfram lágmarksfjárhæð samkvæmt 2. mgr. tölulíðarins. Ekki var talin lagaheimild til niðurfellingar álags skv. 121. gr. laga nr. 75/1981. Hafnað var kröfum um niðurfellingu útsvars en kærendur höfðu byggt á því að þeir væru fluttir af landinu og nytu þar af leiðandi ekki þjónustu sveitarfélaga á Íslandi.

## 1/2001 Frávísun, fyrirframgreiðsla barnabóta, kæruleiðir, valdsvið yfirkattanefndar

Kærður var úrskurður skattstjóra um breytingu á fyrirframgreiðslu barnabóta, þar sem lagt hafði verið til grundvallar að kærandi væri í sambúð og ætti því ekki rétt á barnabótum sem einstætt foreldri. Kærandi mótmælti þessu og

taldi sig ekki í sambúð. Yfirkattanefnd taldi sig ekki bæra til að fjalla um kærsmål er lúta að fyrirframgreiðslu barnabóta, sbr. úrskurð yskn. 122/2000. Samkvæmt 13. gr. laga nr. 149/2000 eru úrskurðir um fyrirframgreiðslu barnabóta nú kærnanlegir til ríkisskattstjóra sem kveður upp endanlegan úrskurð á stjórnsýslustigi.

## 13/2001 Bindandi álit, skattasniðganga, 3. mgr. 10. gr. Norðurlandasamnings, raunverulegur eigandi, fallist á kröfur kæranda

Kært var bindandi álit ríkisskattstjóra. Deilt var um túlkun á 10. gr. tvísköttunarsamnings Norðurlandanna, þ.e. hvort leggja ætti 20% afdráttarskatt á arð frá alþjóðlegu viðskiptafélagi á Íslandi til danska eignarhaldsfélags, en eignarhaldsfélagið var að fullu í eigu íslensks hlutafélags. Ríkisskattstjóri hafði komist að þeirri niðurstöðu að 3. mgr. 10. gr. tvísköttunarsamnings ætti ekki við og vísaði m.a. til sniðgöngusjónarmiða og þess að hið danska félag væri ekki raunverulegur eigandi ágóðahlutans heldur hið íslenska félag sem var eigandi danska eignarhaldsfélagsins. Yfirkattanefnd féllst á kröfur kæranda og taldi að miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar í málinu um hluti og ráðstafanir sem að miklu leyti voru óorðnar, væri ekki unnt að byggja óbyggjandi niðurstöðu á skattasniðgöngusjónarmiðum og álykta að hið danska eignarhaldsfélag væri ekki raunverulegur eigandi ágóðahlutanna.

## 22/2001 Rekstrarkostnaður, ferðakostnaður, eignasamstæða, rökstuðningur

Deilt var um rekstrarkostnað kæranda sem var sjálfstætt starfandi tæknifræðingur. Engin gögn

voru lögð fram til stuðnings hækkun frádráttarbærs ferðakostnaðar og var þeim kröfulið því vísað frá. Talið var að skortur á lagatilvísunum í úrskurði varðandi þennan þátt málsins nægði ekki til ómerkingar eins og málið var vaxið. Deilt var um gjaldfærslu tölvubúnaðar sem kærandi hafði keypt í hlutum og gjaldfært kaupverðið að öllu leyti. Byggði kærandi á því að um væri að ræða sjálfstæðar tölvueiningar sem nýttust þó með öðrum tölvubúnaði og lagði áherslu á að einstakar einingar hefðu ekki verið keyptar á sama tíma, þ.e. sjálf tölvan í júlí, aukadrif í september og prentari ásamt prentarakapli í nóvember. Yfirkattanefnd taldi við skýringu 41. gr. það ekki ráða úrslitum hvort um væri að ræða einingar sem nýst geta með öðrum búnaði, í þessu tilviki tölvubúnaði. Taldi yfirkattanefnd að virða bæri kaup þessi heildstætt með tilliti til gjaldfærsluheimildar 41. gr. laga nr. 75/1981, þ.m.t. kaup á minnisstækkun tölvunnar, sbr. niðurstöðu um hliðstætt atriði í úrskurði yfirkattanefndar nr. 1089/1998, og þjónustu í tengslum við umrædd kaup, enda yrði að telja kostnað vegna slíkrar þjónustu hluta eignasamstæðu í skilningi 41. gr. laga nr. 75/1981. Bæri því að eignfæra búnaðinn og fyrna hann sem eignasamstæðu, sbr. 38. gr. laga nr. 75/1981. Kröfu kæranda var því hafnað.

## 35/2001 Sameignarfélag, sala atvinnuhúsnæðis, söluhagnaður skv. 11. gr. eða tekjur af reglubundinni starfsemi félagsins, kröfum kæranda hafnað

Skattframtali kæranda fylgdi ársreikningur H sf., sem er ekki sjálfstæður skattaðili, fyrir árið 1998, en þar kom fram að kærandi væri einn af fimm eigendum félagsins. Á samræmingarblaði (RSK 4.05) með skattframtali sínu taldi kærandi sér til tekna einn fimmta hluta af hagnaði



félagsins og færði sérstaka fyrningu fasteignar til frádráttar á móti hagnaði af sölu félagsins á atvinnuhúsnæði. Skattstjóri felldi niður þá fyrningu og byggði ákvörðun sína á því að um væri að ræða tekjur af atvinnustarfsemi kæranda en ekki hagnað af sölu atvinnuhúsnæðis samkvæmt 11. gr. laga nr. 75/1981. Samkvæmt ársreikningi H sf. er félagið byggingaverktaki og tekjur þess fyrst og fremst tilkomnar vegna sölu á fasteignum sem eru byggðar af félaginu. Ekki var fallist á að tekjur H sf. af sölu fasteignarinnar teldust til söluhagnaðar skv. 11. gr. laga nr. 75/1981, heldur talið að um væri að ræða tekjur af reglubundinni starfsemi félagsins.

### 43/2001 Launþegi eða verktaki, fallist á kröfu kæranda

Í málinu var deilt um eðli tekna kæranda vegna starfa hennar við slátrun fyrir K. Ágreiningur var um hvort tekjur þessar væru sprotnar af verk-samningi kæranda og K, þannig að um væri að

ræða tekjur af sjálfstæðri starfsemi, sbr. B-lið 7. gr. laga nr. 75/1981, eða hvort um væri að ræða vinnusamband, þannig að um væri að ræða vinnutekjur samkvæmt 1. tölul. A-liðar 7. gr. sömu laga. Yfirsattanevnd reifaði nokkur atriði sem líta verður til þegar metið er starfssamband milli aðila, og komst nefndin að þeirri niðurstöðu að þessi atriði þóttu mæla gegn því að um vinnusamning hafi verið að ræða. Yfirsattanevnd féllst því á kröfu kæranda.

### 59/2001 Ökutækjastyrkur, dagpeningar, rannsóknarregla, ólög-mæt sjónarmið, fallist á kröfu kæranda hvað varðaði dagpeninga

Skattframtal kæranda barst skattstjóra eftir lok framtalsfrests en áður en álagningu var lokið, og tók skattstjóri framtalið sem kæru. Kærandi færði kr. 453.240 í reit 22 sem ökutækjastyrk og kr. 305.200 í reit 23 sem dagpeninga. Til frá-

dráttar færði kærandi kr. 415.195 sem kostnað á móti ökutækjastyrk í reit 32 og kr. 305.200 á móti dagpeningum í reit 33. Með skattframtalinu fylgdu greinargerðir um ökutækjastyrk RSK 3.04 og um dagpeninga RSK 3.11. Áður en skattstjóri tók kærana til úrlausnar krafði hann kæranda skýringa á rekstrarlegum tilgangi allra ferða í þágu launagreiðanda vegna fenginnar dagpeningagreiðslu og frádráttar sömu fjárhæðar. Fór skattstjóri fram á að frádráttur vegna dagpeninga yrði studdur gögnum vegna útlagðs kostnaðar. Þá skyldi kærandi leggja fram akstursdagbók vegna ökutækjastyrks og frádráttar á móti styrknum, þar sem fram kæmi hver einstök ferð, ekin vegalengd og aksturserindi. Kærandi svaraði bréfi skattstjóra og lagði fram akstursdagbók og sundurliðun ferða- og dagpeninga samkvæmt sérprentuðum ferða- og dagpeningaskýrslum. Með kæruúrskurði féllst skattstjóri á að leggja innsent skattframtal kæranda til grundvallar álagningu opinberra gjalda kæranda að gerðum þeim breytingum að frádráttur vegna kostnaðar

**TOK plus viðskiptahugbúnaður** einfaldur og öruggur

**Windows samhæfður**  
TOK plus viðskiptahugbúnaður er Windows samhæfður með nýju og vinkjæmlega notendaviðmóti. Skjámyndir TOK plus er sérstaklega auðvelt að lesa á og fullkomin hjálp er til staðar hvar sem notandinn er staddur.

**Microsoft SQL gagnagrunnur**  
Gagnavinnsla TOK plus er byggð á Microsoft SQL gagnagrunni sem tryggir meiri hraða og fjölbreyttan möguleika við gagnameðhöndlun og upplærslur á gagnalausnum. TOK plus er tilbúið til tengingar við SQL gagnagrunna eins og t.d. Microsoft SQL 7 eða Oracle 8.

**Fyrir litill og meðalstór fyrirtæki**  
TOK plus viðskiptahugbúnaður hentar litlum og meðalstórum fyrirtækjum þar sem samtímanotendur eru á bilinu 1 til 10. Möguleikar á kerfisstækjun og sökun notenda eru nánast óendanlegir.

vopn í viðskiptum

**www.ax.is**

Skjalarnir 8 • 108 Reykjavík • Sími: 545 1000 • Faxi: 545 1001 • ax@ax.is

KAÐGIÖF • VÆÐUN • ÞJÓNUSTA



á móti ökutækjastyrk var áætlaður kr. 200.000 og frádráttur vegna dagpeninga var áætlaður kr. 100.000. Yfirsattanevnd ómerkta úrskurð skattstjóra hvað dagpeninga varðaði. Skattstjóri hafði fengið svör við þeim upplýsingum sem hann hafði óskað eftir og gat því ekki rökstutt niðurstöðu sína með þeim rökum að tilteknar upplýsingar hefðu ekki verið veittar, þar sem skattstjóri hafði ekki óskað eftir þeim.

## 61/2001 Bindandi álit ríkisskattstjóra staðfest, sala hlutabréfa, sameining félaga, kaup á eignum, viðskiptavild

Ríkisskattstjóri gaf út bindandi álit þar sem fram kom að ekki væri hægt að líta svo á að kaup áhlitsbeiðanda (kærandi) á öllum hlutabréfum í tilteknu félagi jafngiltu kaupum á eignum félagsins. Í álitinu ríkisskattstjóra kom einnig fram að ekki væri unnt að staðfesta að mismunur á markaðsverði einstakra eigna félagsins og kaupverði hlutafjár í félaginu væri fyrmanleg viðskiptavild. Í kæru til yfirsattanevndar hafði áhlitsbeiðandi (kærandi) uppi önnur rök og aðrar athugasemdir en fram komu við meðferð áhlitsbeiðnar hjá ríkisskattstjóra. Yfirsattanevnd staðfesti bindandi álit ríkisskattstjóra þar sem það stenst eins og málið var lagt fyrir ríkisskattstjóra. Áhlitsbeiðandi (kærandi) verður að bera hallann af því að málið hafi farið í annan farveg en hann reiknaði með. Kröfum kærandi var því hafnað. Hægt er að lesa bindandi álitinu í heild sinni á heimasíðu ríkisskattstjóra, rsk.is, undir slóðinni lög, reglugerðir, úrskurðir o.fl. Bindandi álit nr. 2000-0002.

## 72/2001 Tekjur frá erlendu ríki, starfsmenn erlendra sendiráða, tímamörk til endurákvörðunar, málshraði, málsmeðferð skattstjóra, tvísköttunarsamningur, kröfu kærandi hafnað

Skattstjóri færði kærandi til skattskyldra tekna launatekjur frá erlendu utanríkisráðuneyti í skattframtali 1994, 1995, 1996 og 1997 og endurákvörðaði áður álgöð gjöld kærandi gjaldárin 1994, 1995, 1996 og 1997 vegna

þessa. Yfirsattanevnd hafnaði þeirri málsástæðu kærandi að tímamörk til endurákvörðunar hafi verið liðin, enda taldi nefndin að skattstjóri hefði ekki verið unnt, á grundvelli skattframtala kærandi og fylgigagna þeirra einvörðungu og án frekari upplýsinga, að taka afstöðu til skattalegrar þýðingar umræddra tekna kærandi, enda lá ekki fyrir um hverskonar tekjur var að ræða og fyrir hvaða störf. Yfirsattanevnd féllst ekki á að kærandi nyti skattalegrar stöðu sem sendirádsmaður hér á landi á umræddum árum, enda var kærandi samkvæmt þjóðskrá með heimilisfesti hér á landi og bar hér fulla og ótakmarkaða skattskyldu skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 75/1981. Þá féllst nefndin ekki á að umræddar tekjur ætti að skattleggja erlendis. Kröfum kærandi var því hafnað.

## 77/2001 Seta í óskiptu búi, eignarskattur, rannsóknarskylda skattstjóra

Kærandi kærði álagningu opinberra gjalda og krafðist lækkunar á eignarskatti, en svo virtist sem ekki hefði verið gætt 2. mgr. 81. gr. laga nr. 75/1981. Með kæruúrskurði synjaði skattstjóri kröfu kærandi á þeim forsendum að ekki lægi fyrir staðfesting sýslumanns fyrir því að kærandi hefði leyfi til setu í óskiptu búi. Með kæru til yfirsattanevndar fylgdi ljósrit búsetuleyfis sýslumanns. Yfirsattanevnd féllst á kröfu kærandi og tók jafnframt fram að ekki væri annað séð af gögnum málsins en ljósrit af búsetuleyfi hafi fylgt kæru til skattstjóra. Hafi búsetuleyfið ekki legið fyrir taldi nefndin að það hefði verið rétt og í samræmi við rannsóknarskyldu skattstjóra, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, að hann sæi til þess að umræddar staðfestingar væri aflað áður en hann tók kærana til úrlausnar.

## 96/2001 Vaxtabætur, kaup og sala eigna, skuldastaða í árslok

Kærandi var í sambúð með meðeiganda sínum í íbúðarhúsnæði að S-götu þar til þau slitu samvistum. Þá keypti kærandi íbúðarhúsnæði að K-götu. Fasteignin að K-götu stóð ekki undir láni að fjárhæð kr. 5.000.000 sem hún tók og því

veðsetti hún 55% hlut sinn í fasteigninni að S-götu fyrir því láni. Á árinu 1998 seldi kærandi ásamt sameiganda sínum íbúðarhúsnæðið að S-götu. Við söluina voru yfirteknar af kaupanda skuldir sem hvíldu á þessari eign kærandi sem höfðu verið teknar vegna öflunar íbúðarhúsnæðis hennar að K-götu. Við álagningu opinberra gjalda gjaldárið 1999 voru kærandi ekki ákvarðaðar neinar vaxtabætur. Með kæru til skattstjóra kvaðst kærandi vilja koma að leiðréttingu á skattframtali sínu árið 1999. Kærandi kvaðst hafa sett ranga fjárhæð í reit 41 á skattframtalinu. Þar ætti að standa kr. 7.053.325, en kærandi vildi tilgreina lán sem hún hafði yfirtekið vegna sölu á íbúðarhúsnæði sínu ásamt fjárhæð lána samkvæmt reit 45 sem fjárhæð í reit 41. Skattstjóri hafnaði kröfu kærandi þar sem kærandi var skráður eigandi að annarri íbúð í árslok og teldi einnig fram eftirstöðvar lána vegna þeirrar íbúðar. Samkvæmt því væri ekki unnt að færa fjárhæð í reit 41, þar sem lagaheimild skorti fyrir slíkri færslu þegar önnur íbúð væri í eigu kærandi á sama tíma. Yfirsattanevnd staðfesti úrskurð skattstjóra.

## 97/2001 Rekstrarkostnaður, starfsmannafagnaður, rekstrarár

Kærandi kærði þá ákvörðun skattstjóra að lækka kostnað vegna árhátíðar í rekstrarreikningi ársins 1996 um kr. 72.670 og í rekstrarreikningi ársins 1998 um kr. 332.130. Í kærinni kom fram að annað hvert ár sé farið með áhöfn skips þess sem kærandi geri út til útlanda og árhátíð haldin þar. Áhöfn skipsins hafi samþykkt að sleppa frídögum sem borið hafi upp á vetrartíð og að það sé gert til að forða útgerðinni og áhöfninni frá tekjutapi. Í málinu var óumdeilt að hinar umræddu starfsmannafærðir stóðu öllum starfsmönnum kærandi til boða og að enginn annar kostnaður vegna skemmtana starfsfólks var gjaldfærður hjá kærandi umrædd gjaldár. Yfirsattanevnd taldi rétt að taka fram vegna kröfu kærandi um að kostnaðurinn yrði metinn á grundvelli meðaltals slíks kostnaðar á fjögurra ára tímabili, að í 6. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 483/1994 er tekið fram að kostnað þennan eigi að meta heildstætt á rekstrarárinu. Almennr verði því að líta eingöngu til við-

komandi rekstrarárs við mat á því hvort kostnaður sé hæfilegur miðað við einstök tilvik. Yfirkattanevnd staðfesti úrskurð skattstjóra.

### 101/2001 Innflutningur bifreiða, rekstrartekjur, kröfum hafnað

Á árinu 1997 flutti M inn tvær bifreiðar. M gerði þær síðan upp og seldi þær með hagnaði á árinu 1998. Á miðju árinu 1998 hóf M rekstur bíla-partasölu. Í ljósi atvinnustarfsemi M og umfangs hennar þótti verða að virða söluhagnaðinn heildstætt og fella kaup og sölu hinna umræddu bifreiða undir rekstur M. Kröfum M var hafnað.

### 113/2001 Skattasniðganga, gjaldfærður rekstrarkostnaður, ónotað rekstrartap

Skattstjóri lækkaði gjaldfærðan rekstrarkostnað kæranda þar sem hann taldi ljóst að engin raunveruleg viðskipti hefðu átt sér stað milli kæranda og félagsins K hf., heldur hefði eingöngu verið um sýndarviðskipti að ræða til þess að nýta yfirfærnanlegt tap K hf. og lækka þar með hreinar tekjur kæranda. Í úrskurði yfirkattanevndar er fjallað um heimild skattstjóra til að taka málið fyrir að nýju, en yfirkattanevnd hafði í öðru máli sem varðaði kæranda, felld ákvörðun skattstjóra úr gildi. Í úrskurðinum er einnig fjallað um vanhæfi, um rannsókn og málsundirbúning og efnislegan grundvöll hinnar kærðu ákvörðunar. Yfirkattanevnd gerði athugasemdir við tölulegar niðurstöður skattstjóra en staðfesti að öðru leyti úrskurð skattstjóra.

### 127/2001 Vaxtabætur, tvær íbúðir, lán vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota, kröfu K hafnað

Kærandi gerði kröfu um að fá vaxtabætur vegna tveggja íbúða og rökstuddi þá kröfu sína með þeim rökum, að íbúðin R hefði verið seld á nauðungarsölu árið 1997 og hefði söluverð hennar ekki dugað fyrir áhvílandi veðskuldum. Hefði Íslandsbanki hf., sem ófullnægður kröfuhafi, gengið að kæranda vegna eftirstöðvanna

og hefði hann orðið að semja um greiðslu þeirra „til þess að halda íbúðinni K“. Því taldi kærandi að eftirstöðvarnar, sem hann hefði orðið að greiða af þessum sökum, yrði að telja lán vegna K. Óumdeilt var að lánið frá Íslandsbanka var tekið til öflunar R, og ágreiningslaust var að kærandi bjó ekki í íbúðinni árið 1996 eða þann hluta ársins 1997 sem íbúðarhúsnæðið var að hluta til í hans eigu. Yfirkattanevnd féllst á það með skattstjóra að vaxtagjöld lána frá Íslandsbanka uppfylltu ekki það skilyrði að vera vegna lána til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota og því var kröfum kæranda hafnað.

### 133/2001 Álag, ítrekuð síðbúin framtalsskil, fallist á kröfu kæranda

Skattframtal kæranda árið 2000 barst skattstjóra að framtalsfresti liðnum en áður en álagningu var lokið. Með kæruúrskurði féllst skattstjóri á að leggja skattframtal kæranda til grundvallar álagningu opinberra gjalda í stað áætlunar. Við skattstofna bætti skattstjóri 10% álagi, sbr. 1. mgr. 106. gr. laga nr. 75/1981, vegna síðbúinna framtalsskila og með vísan til síðbúinna framtalsskila kæranda gjaldárið 1996 en ekki þætti sýnt fram á að 3. mgr. 106. gr. laganna ætti við í tilvikum kæranda. Kærendur kærðu kæruúrskurð skattstjóra til yfirkattanevndar og gerðu þá kröfu að álagið yrði felld niður. Yfirkattanevnd sagði að samkvæmt skatt- og úrskurðarframkvæmd varðandi beitingu álags vegna síðbúinna framtalsskila, skipti máli hvort um ítrekuð síðbúin framtalsskil sé að ræða. Þar sem skattstjóri vísaði einungis til þess að framtalsskil kæranda árið 1996 hafi verið síðbúin og þar sem nokkuð var umliðið frá því að umræddur dráttur varð á framtalsskilum kæranda og með tilliti til þess að skattframtal kæranda árið 2000 barst fyrir lok álagningar þótti mega falla frá beitingu álags að þessu sinni.

### 142/2001 Rekstartekjur, gjaldfærð laun til dóttur, kröfum M hafnað

M hafði kvótaleigu með höndum. Þá átti hann bát sem færður hafði verið upp á land. Í rekstri M

voru gjaldfærð laun til dóttur hans og frænku hennar en þær voru á menntaskólaaldri. Þar sem ekki lágu fyrir nein gögn yfir tímafjölda, skiptingu á verkþáttum, launaviðmið eða þess háttar voru lækkuð laun til frænkunnar. Ekki þótti ástæða til að hagga við ákvörðun skattstjóra á launum til dótturinnar. Kröfum M hafnað.

### 62/2001 Arðgreiðslur, afhending hlutabréfa, nafnverð eða markaðsverð, kröfu M hafnað

M fékk greiddan arð frá Sameinuðum verk-tökum. Arðgreiðslan var í formi hlutabréfa í tveimur félögum. M taldi að ákvarða bæri tekjur í hans hendi á nafnverði en ekki á markaðsverði hlutabréfanna. Var þeirri kröfu hafnað.

### 176/2001 Launagreiðslur, launaseðlar, rannsóknarskylda, kröfu K hafnað

K taldi ekki fram laun frá X. Kvaðst K ekki hafa neina launaseðla í höndum né launamiða og því ekki geta staðfest það hvað hún hefði fengið í laun. Ekki var fallist á að skattstjóra hefði af því tilefni borið að afla sérstakra upplýsinga frá X. Ekki brot á rannsóknarskyldunni. Kröfum K hafnað.

### 179/2001 Leigutekjur utan rekstrar, fjármagnstekjur, 95. gr. ómerkja

K leigði út verslunarhúsnæði. Var það skráð svo hjá Fasteignamatari ríkisins. Leigutekjur færði K á framtal sem fjármagnstekjur. Með vísan til 1. mgr. 95. gr. breytti skattstjóri skattframtali K og sagði að fjármagnstekjur yrðu aðeins lagðar á tekjur utan rekstrar. Þegar litið var til framtals-hátta K og eðli tilviksins þótti verða að ómerkja breytingar á framtali þar sem málsmeðferð skyldi hafa farið eftir ákvæðum 1. og 3. mgr. 96. gr. 181/2001 Vaxtabætur, fallist á kröfur M og K. Deilt var um fjárhæð vaxtabóta M og K vegna húsnæðis er þau seldu. Ekki var keypt annað húsnæði. Kærður var úrskurður skattstjóra að miða skerðingu vaxtabótanna við sölu húseignar. M og K töldu að miða ætti við afhendingardag





eignar því greitt hafi verið af áhvilandi lánum til þess dags skv. kaupsamningi og vísuðu þessu til stuðnings til 4. mgr. B-liðar 69.gr. laga um tekju- og eignarskatt þar sem miðað er við raunverulega dvöl. Yfirsattanevnd taldi að skv. verklagsreglum RSK um skiptingu vaxtagjalda til ákvörðunar vaxtabóta milli kaupanda og seljanda við eigendaskipti á íbúðarhúsnæði og skv. kaupsamningi um eignina skyldi taka mið af afhendingardegi eignarinnar enda væri það í samræmi við venju í fasteignaviðskiptum.

### 210/2001 Lækkun á gjaldfærðum kostnaði, andmælaréttur, vísað frá

Skattstjóri óskaði eftir upplýsingum varðandi tiltekna gjaldaliði rekstrarreiknings X ehf. en gerði þau mistök að tilgreina rangt gjaldár í bréfi sínu. Það var þó leiðrétt með öðru bréfi 4 mánuðum seinna. Gögn bárust ekki og skattstjóri lækkaði gjaldfærðan kostnað. Kærandi kvaðst ekki hafa skilið fyrirspurn skattstjóra. Yfirsattanevnd taldi að þó að fyrirspurn skattstjóra hafi ekki verið svo skýr sem skyldi ætti X ehf. að hafa skilið efni hennar og hvaða ár hún varðaði og átti því kost á að neyta andmælaréttar síns. Kæru vísað frá vegna vanreifunar X ehf.

### 211/2001 Könnun á starfsambandi, kröfu M hafnað

Deilt var um hvort um væri að ræða tekjur af sjálfstæðri starfsemi eða launatekjur. Skattstjóri sendi M fyrirspurnarbréf vegna fram kominnar

virðisaukaskattsskýrslu. Skattstjóri taldi að um launað starf væri að ræða en ekki verktakastarf og færði fjárhæð skýrslunnar án vsk. M til tekna sem launatekjur. Yfirsattanevnd taldi að þar sem ekki var um að ræða verksamning milli aðila, og ekki ségreint verkefni heldur ýmis störf tengd félaginu, hafi verkefnið verið þáttur í daglegu starfi M sem framkvæmdastjóra félagsins og þannig liður í starfi hans sem launþega. Kröfum M um að hin umdeilda greiðsla hafi verið vegna sjálfstæðrar starfsemi var því hafnað.

### 213/2001 Frestun söluhagnaðar, jafnræðisregla, kröfum M og K hafnað

Deilt var um hvort heimila ætti M og K að fresta tekjufærslu á söluhagnaði af sölu hlutabréfa en skv. 7. mgr. 17.gr. laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt er unnt að fresta söluhagnaði ef fjárhæð hans er umfram tiltekið hámark. Söluhagnaður M og K var lægri en þetta hámark. M og K héldu því fram að ofangreint lagaákvæði bryti gegn jafnréttisákvæði stjórnarskránnar og jafnréttisákvæðum fjölmargra alþjóðasamninga og skattalögnum sjálfum. Yfirsattanevnd tók það fram að nefndin ætti ekki úrskurðarvald um það hvort lagareglur færu í bága við einstök ákvæði stjórnskipunarlaganna, heldur dómstólar. Þar sem M og K höfðu ekki rökstutt að hvaða leyti greint ákvæði brjóti gegn stjórnarskránni og ákvæðum milliríkjasamninga var ekki tilefni til frekari umfjöllunar. Kröfum M og K um frestun söluhagnaðar var því hafnað.

### 217/2001 Bindandi álit ríkisskattstjóra, kröfum hafnað

X hf. kaupir allt hlutafé í Y ehf. og hyggst slíta því og yfirtaka eignir og skuldir félagsins við félagsslitin. X hf. og Y ehf. óska eftir bindandi álit ríkisskattstjóra skv. lögum nr. 91/1998 um bindandi álit í skattamálum; hvað varðar færslu eignar Y ehf. í efnahagsreikning X hf., hvað varðar færslu mismunar á kaupverði og bókfærðu verði eignar sem viðskiptavild, hvað varðar skattskyldu Y ehf. og fyrirverandi eiganda félagsins við færslu eignar í efnahagsreikning X hf. Kröfur kæranda voru að þrátt fyrir hljóðan

kaupsamnings um kaup á öllum hlutabréfum Y ehf. hefði samningurinn verið um kaup á fasteign og kaupverð hlutabréfanna bæri því að virða sem kaupverð fasteignarinnar. Yfirsattanevnd taldi beiðni kæranda um bindandi álit ekki vera nægilega skýra og ekki ljóst hvaða lögfræðilega álitaefni beðið var álits um. Hins vegar hafi ríkisskattstjóri talið skilyrði fyrir bindandi álit uppfyllt. Þau sjónarmið kæranda að um væri að ræða kaup á fasteign en ekki kaup á hlutafé með vísan til sniðgöngureglna væru óskýr. Kröfum X hf. og Y ehf. hafnað.

Hægt er að lesa bindandi álitíð í heild sinni á heimasíðu ríkisskattstjóra, rsk.is, undir slóðinni lög, reglugerðir, úrskurðir o.fl. Bindandi álit nr. 2000-0009.

### 218/2001 Bifreiðahlunnindi, notkun og ástand bifreiðar, ákvörðun skattstjóra felld úr gildi

Kærandi var einn aðaleigandi, stjórnarmaður og framkvæmdastjóri verslunarinnar A ehf., sem var innflutningsfyrirtæki og verslun með byggingavörur, einkum glugga, flisar, lím og tilheyrandi vörur. Skattstjóri reiknaði kæranda bifreiðahlunnindi miðað við full, ótakmörkuð og endurgjaldslaus afnot. Í málinu var óumdeilt að kærandi hafði haft bifreið launagreiðanda síns til umráða utan vinnutíma. Ágreiningur var hins vegar um það hvort kærandi hefði haft bifreiðina til fullra umráða eða hvort um takmörkuð afnot hefði verið að ræða. Í máli kæranda kom fram að bifreiðin hentaði illa til einkanota þar sem hún hafi verið illa farin af flutningi á þungum og oft óhreinum vörum, flisum, lími o.þ.h. Einnig kom fram að bifreiðin væri merkt A ehf. Yfirsattanevnd tók fram að samkvæmt úrskurðarframkvæmd hafi verið talið að m.a. notkun og ástand bifreiðar í eigu launagreiðanda, sem launamaður hefur til umráða utan vinnutíma, svo og merking bifreiðar, geti haft þýðingu við úrlausn þess hvort um sé að ræða full umráð eða takmörkuð afnot bifreiðar í skilningi skattmatsreglna ríkisskattstjóra. Yfirsattanevnd taldi nauðsynlegt að skattstjóri tæki afstöðu til ofangreindra viðhorfa kæranda og því var ákvörðun skattstjóra felld úr gildi.

## Opnunartími skrifstofu FLE

Skrifstofa FLE er opin mánudaga til fimmtudaga frá kl. 9 – 12:30.

Lokað í júlí vegna sumarfrís framkvæmdastjóra

Sími: 568 8118

Fax: 568 8139

Tölvupóstfang: fle@islandia.is

Heimasíða: www.fle.is



222/2001 Fjármagnstekju-  
skattur, tap og hagnaður af sölu  
verðbréfa, 95. gr. laga nr.  
75/1981

Skattstjóri tilkynnti kæranda með vísan til 1. mgr. 95. gr. laga nr. 75/1981 um þá breytingu á skattframtali hans árið 1999 að vaxtatekjur í reit 14 í skattframtalinu hefðu verið hækkaðar úr kr. 595.409 í kr. 1.120.719. Vísaði skattstjóri til þess að engum heimildarákvæðum væri til að dreifa í lögum nr. 75/1981 um að jafna mætti tapi af sölu verðbréfa á móti hagnaði af sölu verðbréfa innan tekjuárs. Kærandi kærði þessa breytingu til skattstjóra og með kæruúrskurði féllst skattstjóri m.a. á varakröfu kæranda um lækkun á stofni til fjármagnstekjuskatts um kr. 297.550. Kærandi kærði kæruúrskurð skattstjóra til yfirsattanefndar og krafðist þess aðallega að úrskurður skattstjóri yrði ómerktur. Yfirsattanefnd taldi að fyrir skattstjóra hafi legið óbyggjandi upplýsingar í skilningi 3. másl. 1. mgr. 95. gr. laga nr. 75/1981 og að skattstjóra hafi verið heimilt að leiðrétta skattframtal kæranda til samræmis við þá afstöðu sína að lagaheimild skorti fyrir hinum umkrafða frádrætti taps vegna innlausnar verðbréfa frá vaxtatekjum af slíkum bréfum. Þá hafnaði nefndin aðalkröfu kæranda á grundvelli þess að engin lagaheimild væri til þeirrar uppgjörsaðferðar sem á reyndi í málinu, en yfirsattanefnd úrskurðaði að tekjur kæranda vegna gengishækkunar hlutdeildarskírteina sem kærandi seldi á árinu 1998 væru skattskyldar á grundvelli 3. tölul. C-liðar 7. gr., sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 75/1981, en ekki 8. tölul. C-liðar 7. gr. sömu laga.

# Endurskoðendur breyta um vinnustað

Nafn endurskoðanda:	Vinnustaður á fyrra ári:	Núverandi vinnustaður:
<b>Peir sem hættir eru störfum</b>		
Hallgrímur Þorsteinsson	PricewaterhouseCoopers ehf.	
Sveinn Jónsson	KPMG	
Valur Franklín	EBEÁ	
<b>Peir sem skiptu um starfsvettvang og hættu í endurskoðun</b>		
Alfreð Atlason	Endurskoðunarstofan Alfa ehf.	Garðabær
Árni Tómasson	Deloitte & Touche hf.	Búnaðarbanki Íslands hf.
Bjarki Bjarnason	Löggiltir endursk. Vestfjörðum ehf.	Vestmark ehf.
Guðmundur Frímannsson	Deloitte & Touche hf	Verðbréfastofan
Helgi V. Jónsson	KPMG Endurskoðun	Lex
Ólafur Elísson	Deloitte & Touche hf	Sparisjóður Vestmannaeyja
Þorsteinn Kjartansson	Endursk.skrifst. Þorsteins Kjartanssonar	Höldur ehf.
<b>Peir sem skiptu um starf, en voru ekki í endurskoðun</b>		
Gunnar R. Einarsson	MP verðbréf	Greining endurskoðun ehf.
Sveinbjörn Sveinbjörnsson	Arnarfell ehf.	Gæðir ehf.
<b>Peir sem fluttu á milli stofa, flestir vegna samruna</b>		
Arnór Eggertsson	EBEÁ	PricewaterhouseCoopers ehf.
Benóni Torfi Eggertsson	EBEÁ	PricewaterhouseCoopers ehf.
Halldór Arason	EBEÁ	PricewaterhouseCoopers ehf.
Ómar H. Björnsson	EBEÁ	PricewaterhouseCoopers ehf.
Sigurður Páll Hauksson	Endurskoðun Skagafjarðar	Endurskoðun Norðurlands hf.
Sigurður Pálmi Sigurðsson	EBEÁ	PricewaterhouseCoopers ehf.
Sigurgeir Bóasson	Endursk. Keilir ehf.	Ríkisendurskoðun
Stefán D. Franklín	EBEÁ	PricewaterhouseCoopers ehf.

## Fráteknar dagsetningar

- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudag 5. september kl. 12.
- Hausráðstefna FLE í London fimmtudag 4. október og föstudag 5. október 2001 á Hilton Metropole Hotel.
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel miðvikudagur 24. október kl. 12. Ath. breyttan fundartíma v/ráðstefnuhalds í London og hausráðstefnu hér heima.
- Opin ráðstefna. Hausráðstefna FLE haldin í Salnum Kópavogi, fimmtudag 8. nóvember 2001 kl. 13-17. Þema ráðstefnunnar verður: „Alþjóðaskattlagning og aflandsstarfsemi“.
- Félagsfundur og aðalfundur FLE í Salnum Kópavogi, föstudag 9. nóvember 2001 Fundurinn hefst kl. 13.
- Árshólf FLE verður í Sunnusal, Radisson SAS-Hótel Sögu, föstudaginn 9. nóvember 2001 og hefst kl. 19.
- Hádegisverðarfundur, Grand Hótel, miðvikudagur 5. desember kl. 12.



# GOLF annáll

Þeir lesendur sem virða fyrir sér fyrirögn þessar greinar sjá efalaust hvernig „golfdeild“ félagsins hefur á listagóðan máta komið fyrir merki félagsins í einum staf í orði sem gefur vísbendingu um hvaða íþrótt þetta greinarkorn tengist. Það er heldur ekki verra að þessi stafur getur einnig verið tákn íþróttarinnar – lítill bolti. Það má með sanni segja að tvær flugur hafi verið slegnar í einu höggi – eða eigum við að segja að hér hafi verið farin hola í höggi!

Tæplega 30 ár eru síðan fyrsta tölublað tímarits á vegum félagsins kom út. Öðru hvoru hefur í útgáfustarfsemiinni verið greint frá íþróttaiðkunum félagsmanna, helst þá minnst á hóp-íþróttina fótbolta sem iðkuð var í tengslum við fyrrum sumarráðstefnur félagsins. Minna hefur verið getið um golfiðkun manna enda um að ræða einstaklingsíþrótt og menn iðnari við aðra hluti en lofsyngja annarra hæfni. En það á þó ekki að hafa farið fram hjá neinum að félagsmenn hafa í vaxandi mæli látið til sín taka á sviði golfíþróttarinnar og innan FLE starfar golfdeild af miklum krafti. Golfdeildin sinnir bæði golfleik innanlands sem einvaldur stýrir og svo er Alþjóðadeild FLE-golfs sem greinarhöfundur stýrir. Það eru samskipti golfdeildarinnar við skoska golfspilandi starfsbræður sem hér verður fjallað um. Menn getur greint á um hvort íþróttaritsmíðar eigi erindi í fagtímarit eða fréttabréf á vegum félagsins. En ritnefnd bað um – og ritnefnd fær. Þetta myndskreytta greinarkorn.

Á árinu 1998 var komið á golfsamskiptum við The Institute of Chartered Accountants in Scotland ( ICAS ) og 14 félagar í FLE léku golf við jafnmarga skoska starfsbræður sína þann 1. maí á golfsvæði elsta starfandi golfklúbbs í heimi, stofnár 1735, Royal Burgess í Edinburgh. Um þennan viðburð var ítarlega fjallað í ritmíð sem birtist í 2. tbl. FLE fréttar 1998. Vel þótti til takast íþróttalega og svo höfðinglega tók skoska félagið á móti okkur og slík gestrisni var okkur sýnd að það var samdóma álit þátttak-

enda héðan að hin margrómaða íslenska gestrisni yrði að endurgjalda þetta á einhvern máta. Tækifærið kom nú á þessu ári en áður en við fjöllum nánar um það verður sagt frá því sem gert var árin á undan.

Skotland er á margan hátt draumaland golfarans. Fyrir íslenska golfiðkendur er vorið sá tími sem flestir heimsækja Skotland til að iðka íþrótt sína. Af landfræðilegum ástæðum vorar fyrr í Skotlandi en hælendis og áður en íslenskir golfvöllir klæðast sínum sumarskrúða er kærkomið tækifæri að hrista vetrardrúgun úr golfsveiflunni. Ennfremur er aðeins um 2ja stunda flug Keflavík – Glasgow og þar sem flogið er snemma dags þá nýtist flugdagurinn vel til golfs. Að auki er gott fyrir okkur endurskoðendur að standa upp frá skrifborðinu og skilja tímapressunna eftir heima og njóta daganna. Þess vegna var ákveðið eftir þessa velheppnuðu ferð 1998 að halda hópinn og gera vorferð til Skotlands að fastapunkti í tilverunni. Þó allir geti ekki komið alltaf þá myndast kjarni sem viðheldur hefðinni og „lokka“ aðra með sér. Þannig fórum við 10 saman vorið 1999 til Dundee og heimsóttum marga frábæra golfvelli í næsta nágrenni. Dund-



Sigurður Tómasson endurskoðandi

ee liggur vel við hinni frægu skosku ferðamannaleið, The Malt Whisky Trail. Það er til marks um golfáhugann að enn höfum við ekki farið þessa frægu ferðamannaleið og kunnum því engin skil á hvað gerir þessa leið svo fræga þó við getum rétt sem aðrir látið nafn leiðarinnar gefa okkur vísbendingu. Hins vegar gat ekki orðið af því þetta árið að við hittum skoska endurskoðendur í golfleik þar sem okkar ferðatími hentaði ekki þeirra áætlun.

Síðari hluta árs 1999 var gerð ferðaáætlun fyrir vorið 2000 og samband haft við tengilið okkar meðal skoskra endurskoðenda. Þá kom í ljós að skoskir endurskoðendur hittast árlega til keppni um svokallaðan Moore Cup. Bikar (cup)



Golfhópurinn árið 2001.



Þessi var á sínum tíma gefinn af William Moore, einum eiganda endurskoðunarfyrtækisins Arthur Young McLelland and Moore sem síðar varð hluti af Ernst and Young í Skotlandi. Keppni þessi er liðakeppni og er milli starfssvæða skoska endurskoðendasambandsins sem skiptist í 6 landssvæði, England and Wales ( E & W ), Grampian, Highland, Lothian Borders and Central ( LBC ), North Strathclyde and Tayside. Keppni þessi er ávallt haldin á sama golfvelli, Elie Golf Club, í samnefndu þorpi norðanmegin við Firth of Forth. Ákveðið var að við færum til móts við skoska endurskoðendur og kepptum ásamt þeim um þennan fagra silfurverðlaunagrip, Moore Cup, sem þá var metinn á tíuþúsund sterlingspund. Við mundum keppa sem sjöunda svæðið innan ICAS (!), þannig var okkar skilningur. Við vorum 16 íslenskir endurskoðendur sem héldum á vit ævintýrana 11.

maí 2000. Eftir 3ja klst brottfarartöf frá Keflavík komum við um kvöldmatarleytið til Craw's Nest Hotel í fiskimannapörpinu Anstruther, skammt frá Elie. Það var gististaður okkar þessa fyrstu nótt í Skotlandi og þar biðu okkar skoskir endurskoðendur og sameiginlegur kvöldverður allra þeirra sem daginn áttu eftir að reyna með sér í golfi. Þessum kvöldverði stjórnaði þáverandi formaður ICAS, Grenvill Johnston. Að lokinni borðbæn og eftir að þátttakendur höfðu drukkið til heilla drottningu þeirra og forseta okkar flutti Grenvill tölu og lýsti yfir ánægju með heimsókn okkar. Hann lýsti enn fremur keppnisfyrirkomulagi og þar kom fram að við frá Íslandi myndum ekki spila sem lið í keppninni heldur yrði okkur skipt milli hinna ýmsu svæða í Skotlandi. Líklega hefur þeim ekki litist á ef hinn glæsti Moore Cup mundi gista Ísland og erfitt gæti orðið um endurheimtur ef bikarinn færi yfir hafið í norður-

átt! Hins vegar var okkur sagt við mundum spila sem einstaklingar um öll önnur verðlaun í keppninni sem reyndust vera nokkur. Og sá elsti í hópnum, Guðjón Eyjólfsson og hans meðspilari, Jón Þ. Hilmarsson, létu ekki segja sér það tvisvar og sýndu ekkert sleifarlag (.. og þó) í leik sínum og uppskáru verðlaun, Wooden Spoon, sem þeir hampa hér á mynd. Segja þeir félagar að þetta séu einu verðlaunin sem endurskoðendur hafa uppskorið á erlendri grund. Og Jón bætti um betur og hafði síðar eftirfarandi að segja um þessi verðlaun:

There was a fighting at Elie / and then very soon came the British Open / at the auld great troon but we never have seen / one on the green such wonderful price / as the wooden golf spoon.

EKKI AÐEINS SETUR JÓN FRAM FERSKEYTLUR Á SÍNU



fiton/sia F1002385

## LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

við sjáum um fjármálin

Heimilislína er víðtæk fjármálaþjónusta fyrir einstaklinga og heimili sem hægt er að sniða að þörfum hvers og eins. Þjónustan er ætluð skilvísium viðskiptavinum sem vilja nýta sér fjölbreytt þjónustuúrval bankans á hagstæðum kjörum. Í þjónustunni felst m.a.

- **Hærrí innlánsvextir**
- Allt að 500.000 kr. yfirdráttarheimild á Gullreikningi án ábyrgðarmanna
- **Lægri vextir** á yfirdráttarheimild og eingöngu er greitt fyrir nýttá heimild
- **Visa Farkort** eða **MasterCard Heimskort**
- Aðgangur að Heimilisbankanum á Internetinu
- Allt að 500.000 kr. skuldabréfalán til allt að fimm ára án ábyrgðarmanna
- Allt að 1.000.000 kr. reikningslán á hagstæðum kjörum
- **Greiðsluþjónusta** með útgjaldadreifingu, mánaðargjald
- **Útgjaldadreifing** í Heimilisbankanum á Internetinu
- **Netklúbbur** Heimilislínu
- **Húsnæðislán** til allt að 25 ára
- **Ódýrari bílalán** Lýsingar
- **Ekkert árgjald**

**HEIMILISLÍNA**  
EINFALDAR FJÁRMÁLIN

[www.bi.is](http://www.bi.is)

 **BÚNAÐARBANKINN**  
Traustur banki





Þátttakendur í Skotlandsferð árið 2000 á hinni frægu steinbrú á St. Andrews golfvöllinum.



Guðjón og Jón Þ. með verðlaunagripinn The Wooden Spoon..

móðurmáli heldur munar hann ekkert um að setja í ljóðaform hugsanir sínar á erlendu máli. Annars er Jón hér að vísa til einnar frægustu golfkeppni heims, The British Open, sem fram fór síðar á árinu 2000 á hinum fræga St. Andrews golfvelli ( the great auld troon ).

Að lokinni verðlaunaafhendingu og hádegisverði með öllum keppendum kvöddum við skoska vini okkar og héldum til hótels okkar, The Old Manor Hotel í Lundin Links, sem er smábær í nágrenni Elie við norðanverðan Firth of Forth fjörðinn. Þar dvöldum við í 4 nætur og nutum þess besta sem gerist á skoskum smáhótelum og spiludum mikið golf. Laugardagurinn 13. maí var St. Andrews dagur hjá hópnum – farið var með skoskum fararstjóra til heimabæjar golfsins, einn af golfvöllum leikinn, The British Golf museum skoðað, aðeins bergt á bjór í aðalkránni við aðalgolfvöllinn, stutt gönguferð um „ the great old troon “ þar sem hópurinn var myndaður við hina frægu steinbrú golfvallarins. En fyrst og fremst er þessi dagur eftirminnilegur okkur golfurum fyrir það eitt að vera staddir á og komast í snertingu við lífið í þessari merku borg, St. Andrews, sem talin er vera Mekka golfsins. En fyrir Skotland er St. Andrews annað og meir en golf og þar er m.a. elsti háskóli landsins, stofnaður 1411. Á heimleið þetta kvöld var komið við á Kingarroch Inn, eitt af þessum gömlu „sjarmerandi“ sveita-veitingahúsum landsins, byggingarár 1792, þar

sem við héldum okkur veglega veislu. Þetta reyndist m.a. vera júróvisionkvöld og sáum við engin merki að þessi sérstaka keppni vekti svipaðan áhuga í Skotlandi sem hún gerir á Íslandi. Sýnir það betur en annað, sem ég man eftir, að skotar standa okkur framar menningarlega. Sem fyrr í ferðum okkar til Skotlands nutum við fádæma veðurbliðu og það svo að daginn sem við lékum fallegsta völlinn í ferðinni, skógarvöll við Balbirnie, þá var hitastigið ekki mikið undir 25 gráðum á Celcius. Þessari eftirminnilegu Skotlandsferð lauk síðan 16. maí og var þá enn ólokið nokkrum skilum til skattsins sem greiðlega gekk að vinna úr eftir heimkomu. Reyndist það ekki koma að nokkurri sök þó þessi stóri hópur endurskoðenda héldi af landi brott „á miðri vertíð“ eins og stundum er sagt. Álagning opinberra gjalda gekk eftir sem fyrr.

Árið 2001 er runnið upp í þessu greinarkorni! Enn var haldið til Skotlands og nú valdir dagarnir 3. - 8. maí. Dvalarstaður 12 þátttakenda ferðarinnar var í litlu sveitaþorpi, Kinross við stöðuvatnið Lock Leven. Eyja er úti í þessu stöðuvatni og þar er kastali sem eitt sinn var notaður sem fangelsi fyrir Mary Stuart, Queen of Scotland á sextánda öld. Við vorum þess vegna í „historic“ umhverfi eins og ferðabæklingarnir mundu segja. Engum okkar datt þó í hug að leggja leið sína út í eyjuna í söguskoðun enda við til Skotlands komnir til annarra verkefna. Líklega má telja að sá sem næst komst

eyjunni hafi verið einn ferðafélaganna sem var kvöldstund við veiðar í vatninu og fangaði vel. Sá hinn sami hafði fengið matarboð til vinafólks sem rétti honum veiðistöng þegar hann kom til boðsins og fóru hann og húsbóndinn til veiða. Við ferðafélagarnir sögðum að þetta hefði verið gert til að afla veisluþanga fyrir kvöldið! Bærinn Kinross er í mið Skotlandi, miðja vegu milli Edinborgar og Perth. Við hótelið, Green Hotel, eru 2 golfvöllir auk ýmissa annarra möguleika á dægradvöl og þótti þetta einstaklega vinalegt og þægilegt umhverfi. Ekki þurfti að fara í mikil ferðalög til að spila golf og vandlítið að leika 2 golfhringi á dag við þessar aðstæður. Þarf nú ekki að orðlengja það að allir dagarnir voru vel notaðir til golfleiks og enn einu sinni voru veðurguðirnir okkur hliðhollir, sólskin og 14 – 18 stiga hiti alla dagana.

Við undirbúning ferðarinnar var fljótlega í upphafi ákveðið að gista í bænum Kinross. Þegar þetta hafði verið ákveðið var haft samband við skoska endurskoðendur og möguleikinn kannaður hvort þeir væru tilbúnir að leika við okkur á velli í Edinburgh eða nágrenni mánudaginn 7. maí. Í ljós kom að þessi dagur var frídagur ( bank holiday ) og golfvöllir mikið ásetnir og erfitt að útvega rástíma til leiks. Var tengiliður okkar í Skotlandi búinn að gefa það frá sér sem möguleika að íslenskir og skoskir endurskoðendur léku golf saman þennan dag. En nokkru eftir þessa ákvörðun barst pistla-





höfundur e-mail frá tengiliðnum þar sem fram kom að honum hefði þrátt fyrir allt tekist að útvega aðstöðu á golfvelli við Green Hotel í Kinross – hvort það hentaði okkur að spila þar?! Kom þá í ljós að pistlahöfundur hafði aldrei sagt tengilið hvar í Skotlandi okkar dvalarstaður yrði og hafði reyndar talið að skoskum endurskoðendum í Edinborg mundi þykja um of langan veg að fara (45–60 mínútur) að koma til Kinross að leika golf. En skyndilega var komin þessi spurning hvort það mundi henta okkur að spila golf á velli við Green Hotel í Kinross. Tilviljun? Alveg einstök. Af öllum þeim fjölda golfvalla sem eru á þessu svæði, margir tugir ef ekki hundruð, þá hafði tengiliðnum tekist að útvega rástíma á golfvelli við hótelið sem við áttum eftir að búa á. Þetta er svo einstök tilviljun að veðmangari, sem veðjar á að svona geti gerst, hagnast án efa vel. Síðan gekk það eftir að skoskir endurskoðendur af Lothian Borders and Central svæðinu (LBC) komu til móts við okkur þennan dag, mánudaginn 7. maí. Á síðustu stundu forfölluðust 2 úr þeirra hópi þannig þeir komu 10 til móts við okkur. Dagskráin varð eins og til stöð, hádegisverður, golfleikur og kvöldverður. Í þetta sinn voru það íslenskir endurskoðendur sem buðu skoskum endurskoðendum. Til þessa höfðum við fengið myndarlegan styrk frá FLE sem gerði okkur mögulegt að endurgjalda þá gestrisni og vinarbragð sem við höfðum notið af hálfu skoska félagsins og endurskoðenda í heimsókn okkar árið 1998. Um úrslit þessa landsleiks milli íslenskra og skoskra endurskoðenda verður ekki fjallað enda er það samdóma álit að þau skipti ekki máli. Aðaltilgangurinn er að hittast og njóta samverustunda í góðum hópi við kjör- aðstæður. Þess skal þó getið að skoskir endurskoðendur hafa haft á orði að ekki megi það bíða lengur en til næsta árs að þeir geti rétt sinn hlut í golfleikum.

Í hugum okkar sem fram að þessu hafa tekið þátt í Skotlandsferðum endurskoðenda lifir minning um einstaklega ánægjuleg samskipti, bæði við skoska endurskoðendur og ekki síður innbyrðis. Áreiðanlega er það von okkar að innstæður í þeim minningarbanka megi dafna og aukast með hverju ári. Að innstæðurnar beri ríkulegi vexti. Við höfum einnig orðið varir við að

skoskir endurskoðendur kunna vel að meta þetta framlag okkar til aukinna samskipta félagsanna. Í hópi golfleikandi skoskra endurskoðenda eru nokkrir sem hingað hafa komið til lands í boði FLE til fyrirlestrahalds. Allir minnast þeir komu sinnar til Íslands með hlýjum huga. Þar má nefna fremstan Andrew Christie, núverandi formann ICAS sem hefur komið hingað til lands a.m.k. 2svar, en hann hefur verið með í öll þau 3 skipti sem við höfum spilað við skotana. Mér hefur fundist viðhorf skotanna til komu okkar hafa breyst á þessum árum síðan 1998. Í fyrstu furðuðu þeir sig á því að menn skyldu leggja það á sig að fara milli landa eingöngu til að spila golf. Í þeirra huga er slíkt mikill óþarfi enda

þeir búið við ríkustu golfhefð í heimi og tugi golfvalla í næsta nágrenni sem eru meira og minna opnir og vel spilanlegir allt árið. Í dag skilja þeir betur okkar tilgang og ekki finn ég annað en þeir séu reiðubúnir að koma til móts við okkur þegar báðum hentar. Með sama áframhaldi verður ef til vill ekki langt að bíða þess þeir komi hingað til lands til golfleiks. Myndabækur frá Íslandi sem þeir hafa fengið sem þakklætisvott frá okkur fyrir gestrisni þeirra, ættu vonandi ekki að spilla fyrir. En alla vega vita þeir að þeirra bíður hópur manna sem mundi gera þeim dvölinna hér eftirminnlega.

Sigurður Tómasson fararstjóri

## Kappleikjaskrá FLE í golfi árið 2001

1. 3. – 8. maí. Velheppnaðri vorferð til Skotlands er lokið. Þeir sem misstu af þetta árið skrái sig tímanlega næst.
2. Föstudaginn 15. júní, var farin ágæt ferð til Vestmannaeyja. Auk golfs var farin skemmtisigling og kvöldverður var í boði Íslandsbanka.
3. Fimmtudaginn 21. júní, var fyrsta Open-mótið haldið af Deloitte & Touche á velli Oddfellowa.
4. Fimmtudaginn 12. júlí, KPMG Open kl. 13.00 (Hvaleyri).
5. Föstudaginn 27. júlí, keppni við lögmenn kl. 13.00 (Korpa).
6. Miðvikudaginn 15. ágúst, Pricewaterhouse Coopers Open kl. 13.00 (Oddfellow).
7. Þriðjudaginn 21. ágúst, keppni við tannlækna kl. 13.00 (Nesvöllur).
8. Föstudaginn 7. september, Meistarakeppni FLE, kl. 13.00 (Hvaleyri).

Styrktaraðilar golfmótanna 21/6, 12/7 og 15/8 verða viðkomandi fyrirtæki, sem veita verðlaun fyrir 3 fyrstu sætin og hressingu eftir mótin. Þátttakendur greiða vallargjald á viðkomandi völlum.

Á þessum þremur mótum verður keppni á milli félaga FLE um besta árangur þessara móta (punktakeppni með fullri forgjöf – hámark 24) og verða veitt verðlaun í lokahófinu. Ennfremur verður þetta sveitarkeppni á milli starfandi endurskoðenda á stofum annars vegar og hins vegar verðbréfa- og bankastrákunum og öðrum þeim félagsmönnum FLE sem vinna ekki á endurskoðunarstofum. Fimm bestu í hvoru liði telja hverju sinni. Sveitarforingjar verða Árni Tómasson fyrir bankastrákana og Reynir Vignir fyrir endurskoðunarstrákana.

Skorað er á áhugasama félagsmenn um golfíþróttina að færa inn í tímabókina hjá sér framangreindar dagsetningar og mæta.

Nánari upplýsingar veitir „Einvaldur“ (Gunnar Hjaltalín) í síma 5651144.

**Golfarar.** Ákveðið er að fara í golfferð ásamt mökum til Spánar 9. október. Áhugasamir snúi sér til forseta Alþjóðadeildar FLE-golfs, Sigurðar Tómassonar í síma 580 3109.

# ALÞJÓÐLEG EINKABANKAÞJÓNUSTA

- ÞÍN TENGING  
VIÐ FJÁRMÁLAHEIMINN

Eignastýring  
Fjárfestingarráðgjöf

Varsla verðbréfa  
Skattaráðgjöf

Við opnum þér greiðari leið til fjárfestinga um allan heim. Njóttu sérhæfðrar fjármálaþjónustu og faglegrar ráðgjafar sérfræðinga okkar beggja vegna Atlantshafsins. Alþjóðleg einkabankaþjónusta Kaupþings brúar bilið milli þín og fjármálaheimsins.

NEW YORK  
REYKJAVÍK  
LÚXEMBOURG  
STOKKHÓLMUR  
FÆREYJAR



KAUPÞING

Kaupþing hf. • Ármúla 13A • Reykjavík  
sími 515 1500 • fax 515 1509 • [www.kaupthing.is](http://www.kaupthing.is)